



ROLEX
Franch Michelsen
 ÚRSMÍÐAMEISTARI
 LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900 • WWW.SVSS.IS

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Miðvikudagur 12. nóvember 2007 – 50. tölublað – 3. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

Jón Ásgeir reddar FL Group
 Beint til bjargar úr
 brúðkaupsferð



Nýtt og ekki nýtt
 Þriðja kynslóð
 farsíma



Skótáur
 viðskiptafólksins
 Endurspeglar
 manngerðina



6

8-9

14

Innrás í Evrópu

„Við förum með vöruna á markað á meginlandi Evrópu í byrjun næsta árs,“ segir Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans. „Þetta er í undirbúningi núna.“



SIGURJÓN ÁRNASON

Bankinn hefur náð góðum árangri í Bretlandi með innlána-reikning sinn, Icesave.

Innlán þar nema hátt í 5 milljarða punda, eða hátt í sex hundruð milljarða íslenskra króna.

Hlutfall innlána af útlánum hjá bankanum nemur nú ríflega þremur fjórðum, en var um fjórðungur fyrir tveimur árum.

Sigurjón vill ekki tjá sig um það hvar Landsbankinn ber niður með innlána-reikninginn á meginlandinu, en bendir á að helstu markaðirnir þar séu í Frakklandi, Þýskalandi og Hollandi. Landsbankinn er jafnframt með starfsemi á Ítalíu, Spáni, í Sviss og Lúxemborg, auk Norðurlandanna.

- ikh / Sjá síðu 12

FRÉTTIR VIKUNNAR

Erfiður dagur | Gengi FL Group lækkaði um fimmtán prósent í Kauphöll Íslands á fimmtudag, á fyrsta viðskiptadegi eftir tilkynningu um umfangsmikla hlutfjár-aukningu og forstjóraskipti.

Pálmi fjárfestir | Pálmi Haraldsson í Fons keypti 6,9 prósent í FL Group fyrir rúma tíu milljarða króna. Gengi bréfa FL Group í þessum viðskiptum var 16,1.

Skuldir aukast | Skuldir heimilanna jukust um ríflega fimm prósent milli annars og þriðja ársfjórðungs. Þær höfðu ekki aukist jafnmikið milli fjórðunga frá því um mitt ár í fyrra.



Evruskráning frestast | Ekki verður farin bráðabirgðaleið í skráningu hlutabréfa í evrum í Kauphöll Íslands. Þess í stað á endanleg lausn með aðkomu Seðlabanka Finnlands að vera tilbúin fyrir mitt næsta ár.

Íslenskar rætur | Fjörutíu prósent hlutfjár í Kauphöllinni eru erlent fé en ætla má að þrjú fjórðum hlutar þeirrar erlendu fjárfestingar séu í höndum íslenskra félaga sem skráð eru erlendis.

Fleiri færeysk | Viðskipti með hlutabréf færeyska flugfélagsins Atlantic Airways hófust í Kauphöllinni á mánudag. Félagið er fjórða færeyska félagið til að verða skráð í íslensku kauphöllina.

Undir útboðsgengi | Gengi í Fýr-oya banka fór um tíma á mánudag undir útboðsgengi bankans. Í hlutfjárútboði sem lauk 21. júní var útboðsgengið 189 krónur. Gengi bankans stóð í þeirri sömu tölu við lok markaðar.

Milljarðaviðskipti með Kaupþingsbréf

Gnúpur selur stóran eignarhlut í Kaupþingi. Stærsti kaupandinn er Gift fjárfestingarfélag. Viðskipti með bréf Kaupþings yfir fjörutíu milljarðar í gær.

Björgvin Guðmundsson
 skrifar

Fjárfestingarfélagið Gnúpur seldi bréf í Kaupþingi í gærmorgun fyrir að minnsta kosti tuttugu milljarða króna. Gnúpur er í eigu Magnúsar Kristinssonar, Kristins Björnssonar og Þórdar Más Jóhannessonar og hefur verið meðal fimm stærstu hluthafa í Kaupþingi. Í sömu viðskiptalotu voru tuttugu milljarðar til viðbótar seldir. Hluti af því var bréf sem Kaupþing átti. Viðskipti með bréf Kaupþings í gær voru því yfir fjörutíu milljarðar króna.

Um tíu fjárfestar keyptu þessa fjörutíu milljarða samkvæmt upplýsingum Markaðarins. Stærsta hlutinn tók fjárfestingarfélagið Gift, sem stofnað var 15. júní síðastliðinn af Eignarhaldsfélaginu Samvinnu-tryggingum. Mun Gift eiga í kringum fjögur prósent í Kaupþingi eftir viðskiptin. Straumborg, félag í eigu Jóns Helga Guðmundssonar í Byko, keypti einnig

hluti að markaðsvirði 6,4 milljarðar króna. Eiga félög tengd Straumborg því rúm 3,5 prósent í Kaupþingi eftir viðskiptin. Þá mun Kaupfélag Skagfirðinga einnig hafa keypt hluti í bankanum í viðskiptum gærdagsins.

Fjárfestingarfélagið Gnúpur hefur með þessu losað um stóra stöðu í Kaupþingi. Á föstudaginn keypti Magnús Kristinsson, einn þriggja eigenda Gnúps, bréf í Kaupþingi af félaginu fyrir tæpa fjóra milljarða króna. Í gær fékk Gnúpur að minnsta kosti tuttugu milljarða króna fyrir sinn hlut. Ljóst er að Gnúpur tapar milljörðum í þessum viðskiptum. Þórdur Már Jóhannesson svaraði ekki skilaboðum í gær.

Þeir sem Markaðurinn talaði við líta þessar sviptingar jákvæðum augum. Tekist hafi að vinna ofan af fjárhagserfiðleikum Gnúps um leið og fjárfestar hafi nýtt sér kaupþækifæri í Kaupþingi.

Gengi Kaupþings hækkaði um tæp fjögur prósent í Kauphöll Íslands í gær.

Róbert kominn til Latabæjar

„Við höfum skoðað Latabæ í nokkurn tíma og höfum feikilega trú á félaginu,“ segir Árni Harðarson, forstjóri Salt Investments, fjárfestingarfélags í eigu Róberts Wessman, forstjóra Actavis, sem nýverið keypti rúman 25 prósent hlut í Latabæ. Róbert stofnaði Salt Investments í sumar og nam eigið fé þess þrjátíu milljörðum króna í enda október.

Kaupverð hefur ekki verið gefið upp. Markaðsverðmæti Latabæjar hleypur á bilinu þrjú til fjórir milljarðar króna og nemur fjórðungshlutar því allt að einum milljarði króna. Árni vildi

ekki tjá sig frekar um verðið að öðru leyti en því að það hefði verið mjög sanngjarnt.

Salt Investments keypti 21 prósent hlut af hluthöfum sem hafa verið lengi í Latabæjarhópnum auk þess sem félagið tók allan hlut Glitnis í félaginu. Árni segir þetta gera hluthafahópin þéttari og sterkari fyrir vikið. Aðrir eftirstandandi stórir hluthafar eru auk Magnúsar Scheving, framkvæmdastjóra og stofnanda Latabæjar, og Ragnheiðar Melsteð, eiginkonu hans, Gaumur,

félag Baugs, og Nýsköpunarsjóður auk starfsmanna og stjórnenda Latabæjar.



Árni segir upp-gang Latabæjar hafa verið mikinn undanfarin ár, ekki síst í Suður-Ameríku, í Bandaríkjunum og Bretlandi.

„Við teljum að hægt verði að gera enn betur með þéttari hluthafahópi og munum leggja okkar af mörkum. Við ætlum að vinna náið með Magnúsi að framgangi Latabæjar,“ bætir Árni við. - **jab**

TrackWell
 FORÐASTÝRING

Tíma- og verkskráning fyrir starfsmenn og tæki

www.trackwell.com

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldveisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK	14,0%*
GBP	6,4%*
USD	5,1%*
EUR	3,9%*
CAD	6,5%*
DKK	5,6%*

Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/CAD/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útboðsýsingar og útdráttar úr útboðsýningu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. nóv. - 3. des. 2007.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	-2,5%	47,9%
Bakkavör	-2,3%	-6,2%
Exista	-12,2%	-0,4%
FL Group	-20,3%	-39,8%
Glitnir	-6,9%	-1,5%
Eimskipafélagið	-2,0%	10,9%
Icelandair	-2,5%	-0,4%
Kaupping	-5,6%	2,6%
Landsbankinn	-3,6%	35,1%
Straumur	-5,8%	-11,8%
Teymi	-6,3%	10,4%
Össur	-1,0%	-13,3%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudag

Evruneftnd ráðherra enn í smíðum

Gagnaöflun hafin vegna nefndarstarfs. Vilji er til að koma lagabreytingum hratt í gegn.

Enn er ekki fullskipuð nefnd viðskiptaráðherra sem fara á yfir lagaumhverfi vegna evruskráningu hlutabréfa hér.

Jón Sigurðsson, fyrrverandi ráðherra, seðlabankastjóri og bankastjóri Norræna fjárfestingabankans, fer fyrir nefndinni þegar hún tekur til starfa. Hann segir undirbúning nefndarstarfsins þegar vel á veg kominn með öflun gagna um hvernig málum er háttað í öðrum löndum.

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra segir vonir bundnar við að nefndarstarfið

geti gengið hratt og vel þannig að nauðsynlegar lagabreytingar gætu komið í þingi á vormisseri. „Þetta er árið-andi mál og mikilvægt að það geti gengið snurðulaust fyrir sig,“ segir hann og telur óeðlilegt að óskýr lög geti þvælst fyrir því að stór fyrirtæki í Kauphöll fái tekið hér upp evru. Einar stórgreiðslukerfi hjá Seðlabanka Sigurjónsson, forstjóri OMX Evrópu á næsta ári.



JÓN SIGURÐSSON

Verðbréfaskráningar Íslands, telur einsýnt að breyta þurfi ákvæði sem Seðlabankinn hefur túlkað sem svo að hann einn megi hér annast lokauppgjör verðbréfa. Að því er stefnt að Seðlabanki Finnlands taki að sér slíkt uppgjör evrubréfa þegar innleitt hefur verið nýtt

Vægi fjármála-fyrirtækja eykst

Vægi banka í úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands verður 78 prósent frá 1. janúar, þegar nýuppfærð vísitala tekur gildi. Í upphafi núverandi tímabils vógu bankar 69 prósent. SPRON og Marel bætast í úrvalsvísitöluna hinn 1. janúar. Þá mun hún samanstanda af fjórtán félögum. Í Morgunkorni Glitnis segir að Føroya banki hefði verið fimmtánda félagið til að verða hluti af vísitölnni. Það hafi hins vegar ekki uppfyllt þau skilyrði að verðbil í lok dags sé ekki meira en 1,5 prósent að meðaltali.

- hhs

Aflagning veiðigjalds til umræðu í þinginu

Eftir breytingar í meðförum sjávarútvegsnefndar er í lagafrumvarpi gert ráð fyrir að fella niður veiðigjald af þorski næstu tvö ár og lækka almennt veiðigjald niður í 4,8 prósent.

Að sögn Arnbjargar Sveinsdóttur, formanns sjávarútvegsnefndar, er líka von á tveimur sérálitum úr nefndinni. VG og Framsóknarflokkur leggja til tímabundna aflagningu veiðigjalds með öllu, en Frjályndi flokkurinn er á móti lækkan gjaldsins. Þannig má gera ráð fyrir nokkuð líflegum umræðum um veiðigjald í þinginu í vikunni.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ), segir veiðigjaldið ósanngjarna sértæka skattlagningu á eina atvinnugrein, sem aukin heldur sé úr öllum takti við afkomu greinarinnar. Hann segir veiðigjaldið tímasketku og telur að í þing-



FISKVINNSLA Líú gagnrýnir harðlega veiðigjaldið sem lagt er á sjávarútvegsfyrirtæki og telur það vera sértæka skattlagningu úr takti við afkomu þeirra. MARKAÐURINN/GVA

inu sé víðtækur stuðningur við að afnema það með öllu. Arnbjörg segist vita til stuðnings við hugmyndir í þá veru innan þingflokka ríkisstjórnarflokkanna, en telur um leið óvíst að í þessu máli myndi þingmenn sér skoðanir eftir flokkpólitískum línum. „En samkvæmt frumvarpinu nú verður innheimta veiðigjaldsins sú sama nú og var á síðasta ári,“ segir Arnbjörg.

- óká

Orkustofnun leitar að olíusérfræðingi

Orkustofnun hefur auglýst eftir sérfræðingi í olíujarðfræði. Hann á að sinna stjórnisýsluverkefnum vegna leitar, rannsóknna og vinnslu á olíu og gasi. Orkustofnun mun veita leyfi til olíuleitar.

Meirihluti fjárlaganefndar Alþingis hefur lagt til að Orkustofnun fái tímabundið ríflega hundrað milljónir króna til að hefja undirbúning þessa. Þá leggur hann til að yfir fimmtíu milljónum króna verði varið til að kanna umhverfi og lífríki á svonefndu Drekasvæði við



OLÍUBORUN Á HAFI ÚTI

Jan Mayen-hrygg, norðaustur af landinu. Menn telja að þar megi finna olíu.

Rannsóknirnar verða gerðar árin 2008 til 2010.

- íkh

Skattyfirvöld skoða erlendar tengingar

Íslendingar geyma mikið af hlutabréfum í útlendum félögum. Þannig má komast undan því að greiða skatta hérlendis. Skattyfirvöld fylgjast með og málum fjölgar.

Ingimar Karl Helgason
skrifar

„Það hafa verið mál til rannsóknar með slíkum tengingum,“ segir Bryndís Kristjánsdóttir skatt-rannsóknastjóri um að eignarhald á íslenskum fyrirtækjum sé skráð erlendis, þótt þau séu í eigu Íslendinga.

Bryndís segir að slíkum málum hafi fjölgað, en fyrir fáum árum hafi engin slík mál lent á borði skattrannsóknastjóra.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri segir svona lagað ekki nýtt af nálinni. Skattyfirvöld fylgja með þessum fyrirtækjum en hann leggur áherslu á að svona stangist ekki á við lög í sjálfu sér.

„Það er rétt að fólk geri grein fyrir eignum sínum á framtali, hvort sem það er í innlendum eða erlendum félögum,“ segir Bryndís.

Fram kom í Fréttablaðinu fyrir helgi að erlent eignarhald á fyrirtækjum í Kauphöllinni nemur nú 41 prósent. Stór hluti af því eru fyrirtæki í eigu Íslendinga sem skráð eru erlendis.

Skattalegur ávinningur af því að geyma innlend hlutabréf í erlendu félagi, getur verið umtalsverður.

Skattur á arð hérlendis nemur tíu prósentum en sé félag skráð í Hollandi getur skatturinn lækkað í fimm prósent eða fallið alveg niður. Svona mál geta verið mjög flókin, ekki síst ef eignakeðjan er mjög löng og stundum endar hún í skattaparadís-um. Menn geta í sumum tilvikum komist algerlega hjá því að greiða skatta hér.

Fram hefur komið í Markaðnum að fjármagnstekjuskattur hér er lágur, samanborið við önnur Norðurlönd, Bandaríkin, Bretland og Þýskaland.



SKÜFFUFYRIRTÆKI Í SKATTAPARADÍS Skattyfirvöld hafa auga með innlendum eignum sem geymdar eru í erlendum félögum.

Könnun Fréttablaðsins á dögunum leiddi í ljós að hugsanlega væru þrjár fjórðu erlends eignarhalds í Kauphöllinni í höndum Íslendinga, að minnsta kosti hvað varðar stærstu fyrirtækin í Kauphöllinni.

Oftar en ekki er þriðjungur eignarhalds í stærstu fyrirtækjum kauphallarinnar skráður erlendis, þótt þar séu Íslendingar að baki. Exista B.V. er til að mynda stærsti hluthafinn í Kaupþingi, með tæplega fjórðungs hlut. Félagið er skráð í Hollandi en er í eigu íslenska félagsins Exista.

Þá eiga hollensk félög í eigu FL Group þriðjungshlut í Glitni, svo dæmi séu tekin.

Fram kom í frétt blaðsins að ríflega 40 prósent hlutur Samsonar eignarhaldsfélags í Landsbankanum væri í eigu Samson Global Holding. Það er ekki rétt.

Samson er í eigu Björgólfsfeðga. Samkvæmt ársreikningi Samson í fyrra geymir hvor sinn 49,9 prósent hlut annars vegar í eignarhaldsfélaginu Givenshire og hins vegar eignarhaldsfélaginu Bell Global. Eftir því sem næst verður komist eru þessi félög skráð á Jersey og á Kýpur.

Fram kom hjá skattsvikanefnd fyrir fáum árum að setja yrði lög til að sporna við flutningi tekna héðan í sküffufyrirtæki á lágs-kattasvæðum og skattaparadís-um. Indriði H. Þorláksson, þá ríkisskattstjóri, sagði að því miður liti svo út sem við vildum heldur líkjast Bresku Jómfrúaejnum en Evrópulöndum í þessu tilliti.

Ekkert hefur verið ákveðið um þetta. Nefnd um skattkerfið sem Friðrik Már Baldursson hagfræðiprófessor stýrir skilar niðurstöðum fljótlega.

FRÁBÆR SKAMMTÍMAÁVÖXTUN

Sjóður 9 hentar þeim sem leita að jafnri og stöðugri hækkun eigna. Sjóðurinn fjárfestir í víxlum, innlendum eða öðrum skammtímaverðbréfum. Hann hentar sérlega vel sem skammtímaávöxtun og fyrir þá sem vilja hafa greiðan aðgang að sparifé sínu. Inneign í sjóðnum er alltaf laus til útborgunar samdægurs og enginn munur er á kaup- og sölugengi í sjóðnum.

SJÓÐUR 9

15.3% ávöxtun*

ÞINN ÁVINNINGUR

- Mikil áhættudreifing og frábær ávöxtun
- Sérfræðingar Glitnis stýra sjóðnum
- Ávallt innleysanlegur
- Hægt að kaupa og selja á netinu
- Enginn munur á kaup- og sölugengi
- Mjög litlar verðsveiflur

* Ávöxtun sl. 1 ár m.v. 30.11.07 – ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð. Sjóður 9 – peningamarkaðsbréf er fjárfestingasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfa- og fjárfestingasjóði. Glitnir Sjóðir er rekstrarfélag sjóðsins. Útbóðslýsing og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu Glitnis, www.glitnir.is. Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum.

GLITNIR



Latitude™ D630
204.900 kr.
164.578 kr. án VSK

Intel® Core™2 Duo örgjörvi T7700, 2,4 GHz
(4MB L2 cache, 800 MHz FSB)
Microsoft Windows XP™ Professional
2GB, 667MHz, DDR2, SDRAM vinnsluminni
120GB harður diskur
8x DVD+/-RW geisladrif
nVidia Quadro NVS 135M skjákort
með 128MB minni
14,1" WXGA+ LCD skjár (1440 X 900 upplausn)
3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

Vertu tengdur á ferð og flugi

Við kynnum Latitude D630 - léttu, þunna og geysiöfluga fartölvu fyrir athafnafólk. D630 fullnýtir afkastagetuna með auknum líftíma rafhlöðu, sparneytinu NVIDIA grafíkkorti, björtum breiðskjá og fjölmörgum þráðlausum lausnum sem tryggja nær takmarkalaus tengingu.

DELL™

* FYRIRVARAR: Verð er tilboðsverð með vsk. og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Intel, the Intel logo, Intel Core, and Core Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries. © 2007 Dell Corporation Limited. Dell, the Dell logo, Latitude are registered trademarks or trademarks of Dell Inc..

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Penninn / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 // R.Sigmundsson / Fiskisloð 84, Reykjavík / 520 0000 // Penninn Eymundsson / Sólvallagötu 2, Reykjanesbær / 421 1102 // Tölvu- og rafeindapjónusta Suðurlands / Eyrarvegi 37, Selfoss / 480 3300 // Tölvun / Strandvegi 51, Vestmannaeyjar / 481 1122 // BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 // Bókaverslun Pórarins Stefánssonar / Garðarsbraut 9, Húsavík / 464 1234 // Penninn / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 540 2180 // Netheimar / Aðalstræti 27, Ísafjörður / 456 5006 // Kaupfélag Skagfirðinga / Ártorgi 1, Sauðárkrúkur / 455 4500 // Mareind / Nesvegi 7, Grundarfjörður / 438 6611 // Omnis / Brúartorgi 4, Borgarnes / 433 0300 // Omnis / Dalbraut 1, Akranes / 433 0300 // Omnis / Tjarnargötu 7, Reykjanesbæ / 422 0300 // Martólvan / Litlu Brú 1, Höfn í Hornafirði / 478 1300



Blackstone brigslað um yfirtöku á álrísa

Gengi hlutabréfa í náma- og álrísanum Rio Tinto hækkaði í kauphöllinni í Lundún-um í Bretlandi á mánudag eftir að breska dagblaðið Daily Telegraph sagði bandaríska fjárfestingarsjóðinn Blackstone hafa hóað saman hópi fjárfesta sem myndi leggja fram gagntilboð í félagið á móti bresk-ástralska félaginu BHP Billiton.

Blaðið sagði að gengju kaupin



PAUL SKINNER Stjórnarformaður Rio Tinto.

í gegn myndi fjárfestahópurinn skipta rekstrinum upp í einingar. Meðal annars yrði samruninn ógiltur við kanadíska álfélagið Alcan, móðurfélag álversins í Straumsvík.

Forsvarsmenn Blackstone vísuðu fréttunum á bug á mánudag og sögðust hafa haft samband við bresku yfirtökunefndina til að leggja áherslu á að yfirtaka stæði ekki fyrir dyrum. - jab

Skrúfað fyrir fagfjárfestingasjóð vestra

Bandaríski bankinn Bank of America ætlar að loka einum af sjóðum sínum. Lífeyrissjóðir og aðrir fagfjárfestar áttu stórar eignir í sjóðnum en tóku að hreinsa þær út þegar fjármálakreppan keyrði niður gengi hlutabréfa.

Að sögn bandaríska dagblaðsins Wall Street Journal stóð sjóðurinn í fjörutíu milljörðum dala, jafnvirði rúmra 2.400 milljarða íslenskra króna, fyrir nokkrum mánuðum. Fjármunir sjóðsins hafa skroppið saman um rúm 70 prósent síðan þá og nemur nú litlum ellefu milljörðum dala.

Bankinn kom einkar illa út úr fjármálakrisunni sem helst hefur



riðið húsum vestanhafs en tekjur hans drögust saman um 90 prósent á síðasta ársfjórðungi.

Talsmaður Bank of America vísaði því á bug í samtali við bandaríska fjármálasjónvarpstöðina CNBC að fjármunir í sjóðnum hafi verið frystir, líkt og ýjað hafi verið að, heldur hafi sparifjáraeigendum verið gefinn kostur á að taka fé sitt út eða færa það í aðra sjóði, að hans sögn. - jab

SLAKAÐ Á VIÐ BANKANN Bank of America hefur ákveðið að loka fyrir einn af fagfjárfestingasjóðum sínum sökum þess að fjármagnseigendur hafa tekið eignir sínar úr honum. MARKAÐURINN/AP

Örlög Northern Rock ráðast á nýju ári

Bandaríska fjárfestingarfélagið JC Flowers, annar stærsti hluthafi Kaupþings, dró tilboð sitt í breska bankann Northern Rock til baka á föstudag. Viðræður við breska sjóðinn Olivant um kaup á fimmtán prósent hlut ganga hins vegar vel og þykir fjölmiðlum líklegt að stjórnendum bankans lítist vel á tilboðið.

Til stóð að binda enda á Northern Rock-málið fyrir jól en fyrir séð er að svo verði ekki, að sögn breska ríkisútvarpsins.

Inn í tilboðsferlið spilar hvernig kaupendur hyggest greiða til baka neyðarlánin sem bankinn hefur tekið hjá Englandsbanka upp á síðkastið. Þau nema nú á bilinu 15 til 25 milljörðum punda, jafnvirði allt að 3.100 milljarða íslenskra króna. Flest kveða þau á um greiðslu á helmingi upphæðarinnar við undirritun kaupsamnings.



SKELFDIR SPARIFJÁREIGENDUR Ekki þykja líkur á að kjölfestufjárfestir komi að Northern Rock fyrir jól. MARKAÐURINN/AP

Hluthafar bankans hafa hins vegar sett sig upp á móti hvers kyns tilboðum þrátt fyrir verð-

hrun á gengi bréfa í honum frá í sumar og segja hann of lágt verðlagðan. - jab

Íbúarnir ganga á birgðarnar

Hætta er á að eftirspurn eftir eldsneyti hjá olíuútflutningsþjóðum geti leitt til þess að þær verði sjálfar að flytja inn olíu.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson skrifar

Eftirspurn eftir hráolíu og eldsneyti hefur rokið upp hjá umsvifamestu olíuútflutningsþjóðum heims en það hefur leitt til þess að nokkrar þeirra hafa í auknum mæli þurft að flytja inn olíu til að sinna löndum sínum heima fyrir.


Ástædan fyrir þessari miklu eftirspurn er stórbættur efnahagur íbúa landanna sem fram til þessa hafa hagnast vel á svartagullinu. Auk þess sem veski almennings í löndunum hafa stækkað nokkuð í gegnum árin, sem hefur gert þeim kleift að kaupa bíla og fleiri tæki sem ganga fyrir olíu, fá íbúar þeirra orkugjafann alla jafna á lægra verði en íbúar þeirra landa sem ganga fyrir innfluttri olíu, að sögn breska dagblaðsins International Herald Tribune sem áréttar að þróunin geti leitt til þess að eftirspurnin geti dregið úr olíuútflutningi þjóðanna. Haldi sem horfi þurfi þetta þó ekki endilega að merkja að skarð verði sett í olíubirgðastöðuna á heimsvísu heldur muni verða leitað annarra og jafnvel nýstárlegra leiða til að vinna hráolíu auk þess sem allt stefni í að olíuframléiðsla verði aukin frekar innan OPEC-ríkjanna. Þá sé ekki loka fyrir það skotið að blásið verði til sóknar með nýtingu annarra orkugjafa.

Blaðið hefur eftir fjármálasérfræðingum að eftirspurn eftir olíu á heimamarkaði nokkurra af stærstu olíuútflutningsríkjum heims hafi aukist um 5,6 prósent á árabílinu 2005 til 2006 en út-

Útflutningsvá

Mikill uppgangur í efnahagslífi olíuútflutningsþjóða hefur valdið því að eftirspurn eftir olíu og eldsneyti hefur aukist hratt. Indónesar hafa þegar flutt inn olíu til að sinna eftirspurn á innanlands-markaði. Allt stefnir í að aðrar þjóðir fylgi í kjölfarið. Þetta gæti sett skarð í olíubirgðastöðuna á heimsvísu.

Aukning í innanlandsnotkun á olíu á árabílinu 2005 til 2006 (í %).



flutningur minnkað um þrjú prósent á sama tíma. Útlit er fyrir að eftirspurnin muni aukast á næstu tuttugu árum, bæði heima fyrir og á nýmörkuðum og geti útflutningsríkin í versta falli þurft að flytja inn olíu á næstu árum til að sinna eigin eftirspurn.

Indónesar munu þegar hafa flutt inn mikið magn af olíu til að sinna sjálfum sér og stefnir allt í að íbúar Mexíkó verði að grípa til sömu ráða. Þá útilokar blaðið ekki, að Íranar, sem verma fjórða sætið sem umsvifamestu útflytjendur á hráolíu innan OPEC-ríkjanna, verði að sinna aukinni eldsneytis og olíuþörf í heimalandinu með innflutningi.

Engar líkur á útrás breska skyndibítans

Yfirtökubaráttan um skyndibítakeðjuna Pret a Manger, sem selur mat úr heilsufæði, er runnin út í sandinn og virðist sem eitt félag, Bridgepoint, sé eftir um bitann. Kaupverð nemur um 450 milljónum punda, rúmum 56,8 milljörðum íslenskra króna.

Breska dagblaðið Telegraph segir ástæðuna fyrir því að kaupendur hafi dregið sig í hlé þá að ekki sé útlit fyrir að útrásarvæntingur keðjunnar gangi eftir í skugga samdráttar í einkaneyslu og lausafjárkrísu beggja

vegna Atlantsála. Keðjan var sett í söluferli í september og skelli FL Group sér baráttuna um hana ásamt fleirum. Félagið dró sig í hlé í enda nóvember.

Telegraph segir stöðuna óljósa en getur þess að orðrómur sé á kreiki um að óþekktur fjárfestir, sem njóti stuðnings bandaríska fjárfestingarbankans Goldman Sachs, sé að skoða stöðuna.

Pret a Manger rekur um 150 staði víða um heim og er vel þekkt í Bretlandi, Hong Kong og í New York. - jab

TEKNÍSKUR



Númer eitt í heiminum

Toyota Industries Corporation (TICO), sem framleiðir Toyota lyftara og BT vöruhúsateki, hefur aftur verið valið efst á lista þýska tímaritsins Logistik Journal yfir stærstu félögin í heiminum sem framleiða tæki til vörumeðhöndlunar. Það er ekki sist að þakka stöðugum endurbótum og framúrskarandi tækninýjungum. Fyrirtækið veitir betri lausnir með gæðavöru á góðu verði og fyrsta flokks þjónustu.

TMH Iceland ehf - Toyota vörulausnir
Vesturvör 30B
200 Kópavogur
S: 563 4500
tmh@tmh.is
tmh.is

TOYOTA


MATERIAL HANDLING





FJÁRFESTINGARBANKI

Trónir á toppnum ...
Peningamarkaðssjóður MP
ber hæstu ávöxtun*
15,6%



Peningamarkaðssjóður MP er frábær leið fyrir þá sem vilja ávaxta fé sitt til skamms tíma. Áhættudreifing er mikil og verðsveiflur mjög litlar. Sjóðurinn er laus til útborgunar hvenær sem er og viðskipti gerð upp samdægurs. Enginn munur er á kaup- og sölugengi. Sérfræðingar MP Sjóða stýra sjóðnum og tryggja þér framúrskarandi ávöxtun.

Veldu **hæstu ávöxtunina** í síma **540 3200**

MP Fjárfestingarbanki hf. er ört vaxandi og framsækið fjármálafyrirtæki sem hefur lagt áherslu á smærri markaði og nýmarkaði í Evrópu með mjög góðum árangri. Bankinn sinnir eignastýringu fyrir einstaklinga og fagfjárfesta, annast miðlun verðbréfa á innlendum og erlendum mörkuðum og fæst við margvísleg verkefni sem tengjast þjónustu og ráðgjöf til fyrirtækja, sveitarfélaga og fagfjárfesta. Rekstrarfélag MP Fjárfestingarbanka rekur fjóra verðbréfa- og fjárfestingarsjóði sem eru í vörslu MP Sjóða og er Peningamarkaðssjóðurinn einn af þeim.

MP Fjárfestingarbanki | Skipholt 50d | 105 Reykjavík | sími 540 3200 | fax 540 3201 | info@mp.is | www.mp.is

* Nafnávöxtun miðast við tímabilið 31.10.07 - 30.11.07 á ársgrundvelli skv. upplýsingum af heimasíðum viðkomandi fjármálastofnana

Peningamarkaðssjóður MP Fjárfestingarbanka er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rétt er að vekja athygli á að heimildir fjárfestingarsjóðs til fjárfestinga eru mun rýmri en heimildir verðbréfasjóðs. Af því leiðir að fjárfesting í hlutdeild í fjárfestingarsjóði er áhættusamari en fjárfesting í verðbréfasjóði. Gengi fjárfestingarsjóða getur hækkað jafnt sem lækkað en fjárfesting í fjárfestingarsjóði er þó áhættuminni en fjárfesting í einstökum verðbréfum. Nánari upplýsingar um sjóðinn má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti útboðslýsingar sjóðsins á skrifstofu MP Fjárfestingarbanka eða á www.mpsjodir.is.

Úr brúðkaupsferð í björgunarleiðangur

Jón Ásgeir Jóhannesson kom beint úr brúðkaupsferð til að redda málum í FL Group. Hannes Smárason sá ekki ástæðu til að halda upp á fer-tugsafmælið sitt í miðjum klíðum. Það lá á að koma málum fjárfestingar-félagsins á hreint. Fjárfestingar höfðu ekki gengið eins vel og spáð var. Fjármálamarkaðir skulfu í allri óvissunni. Hluthafar voru í vandræðum vegna ónógra trygginga fyrir lánunum. Bankarnir fóru að ókyrrast. **Björgvin Guðmundsson** fylgdist með björgunarleiðangrinum sem lagt var formlega í 23. nóvember og mun ljúka næsta föstudag.

Lánasamningar stærstu hluthafa FL Group voru komnir í uppnám áður en föstudagurinn 23. nóvember 2007 rann upp. Miklar lækkanir hlutabréfa gerðu það að verkum að eigið fé fjárfestanna hvarf smátt og smátt. Gripið var til aðgerða. Kröfur um eiginfjárhlutföll í lánasamningum voru lækkuð tímabundið. Gnúpur, félag Magnúsar Kristinssonar, Kristins Björnssonar og Þórðar Más Jóhannessonar, Oddaflug Hannesar Smárasonar og félag í eigu Magnúsar Ármann og Þorsteins M. Jónssonar reyndu á þolmörk æðstu stjórnenda Landsbankans. Óvissa á fjármálamörkuðum kynnti undir ólguna og enginn vissi hvað framtíðin bæri í skauti sér. Áður en allir peningar myndu brenna á markaðsbálinu yrði að tryggja ákveðnar aðgerðir. Enginn var gjaldþrota ennþá.

FAÍR HÖFÐU FJÁRHAGSLEGAN STYRK Spjótin beindust að Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, stjórnarformanni Baugs og FL Group. Fáir aðrir höfðu vilja eða fjárhagslega getu til að styrkja eiginfjástöðu FL Group. Það þurfti að slá á kjaftasögur um að félagið réði ekki við aðstæður á markaði eins og bæði Jón Sigurðsson forstjóri og Jón Ásgeir hafa sagt eftir uppstökk- um FL Group. Reyndar var það margtuggið að eigið fé félagsins væri yfir hundrað milljarðar króna þrátt fyrir tuga milljarða gengistap á fjárfestingum seinni hluta ársins. Það varð samt að stokka upp í hluthafahópnum og koma ákveðnum málum á hreint, meðal annars gagnvart Landsbankanum.

Fundahöld voru stíf helgina 24. og 25. nóvember. Búið var að teikna upp aðkomu Baugs. Í fyrstu stóð til að styrkja eigið fé FL Group um 25 til 30 prósent. Það yrði gert með því að kynna kaup á fasteignum Baugs og andvirðið greitt með útgáfu nýrra hlutabréfa. Menn vildu fá frið til að klára dæmið. Það yrði tilkynnt fljótlega í byrjun vikunnar. Málið yrði kynnt sem efling félagsins til nýrrar sóknar. Á meðan var verið að breyta eignum FL Group í peninga, þó þannig að lítið bæri á. Samhliða hlutafjáruknun- ingu þurfti að ihuga vel hugsanlega sölu eigna.

GREINT FRÁ HLUTAFJÁRAUKNINGUNNI Miðvikudaginn 28. nóvember fjallaði forsíðufrétt Markaðarins

um fyrirhugaða hlutafjárukn- ingu FL Group. Þar var sagt að hluthafar myndu leggja fjármuni inn í félagið og auka eigið fé þess. Ekki yrðu allir hluthafar með og nýir myndu bætast í hópin. Friðurinn var úti og ljóst að fréttin færi á flug. Verkefnið var flókið og í mörg horn að líta. Ekki tókst að klára það eins fljótt og til stóð.

Viðskiptablaðið greindi frá því daginn eftir að FL Group hygðist kaupa hlut í Landic Property. Morgunblaðið greinir frá því laugardaginn 1. desember að Baugur muni renna stórum hluta fasteigna sinna inn í FL Group og verði langstærsti hluthafinn með 38 prósent eignarhlut. Stóru hluthafarnir muni halda að sér höndum í hlutafjáruknuninni. Gengi FL Group í þessum viðskiptum yrði 19, sem átti eftir að breytast.

STÆRSTI HLUTI AMR SELDUR

Á föstudeginum hafði FL Group tilkynnt um sölu á nánast öllum hlut sínum í AMR, móðurfélagi American Airlines. Það var liður í uppstökkun félagsins og viðurkenning á að þessi fjárfesting hefði ekki gengið upp. Sjóðstaðan styrktist um tíu milljarða króna og búið var að bókfæra þrettán milljarða tap á þriðja ársfjór- ungi. Þetta var skynsöm aðgerð að mati flestra.

Á sunnudagskvöldinu greinir viðskiptavefur Vísis.is frá fundi í höfuðstöðvum Baugs Group á Tungötunni. Hann var á milli þeirra Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, stjórnarformanns FL Group, Hannesar Smárasonar, þá forstjóra félagsins, og Jóns Sigurðssonar aðstoðarforstjóra. Skarphéðinn Berg Steinarsson, forstjóri fasteignafélagsins Landic Property, var einnig á fundinum. Seinna kom í ljós að Pálmi Haraldsson í Fons hafði setið með Baugsmönnum við Tungötuna fram yfir miðnætti og farið yfir málin.

STJÓRNARFUNDI FRESTAÐ

Alla helgina hafði verið unnið í höfuðstöðvum Baugs að því að klára fléttuna. Búið var að boða til stjórnarfundar FL Group þar sem taka átti hlutafjáruknun- una fyrir til samþykktar meðal annars. Tilkynna átti svo dílinn morguninn eftir. Þeim fundi var frestað. Málið var flóknara en stefnt hafði verið að. Verðmat á þeim fasteignum, sem FL Group átti að kaupa af Baugi, var til

umræðu. Gengi FL Group var til umræðu. Því var haldið fram að bankamenn hefðu sagt verð FL Group of hátt – fyrst í Frétta- blaðinu.

Jón Ásgeir Jóhannesson sagði í Fréttablaðinu eftir að samning- ar náðust að annað hvort hefði þurft að kaupa fasteignir Baugs á herra verði eða lækka verð á FL Group. Gengið 19 gekk sem sagt ekki í þessum viðskipt- um. Mismunandi svör fást þegar spurtt er hver vildi lækka gengið, því það hefur komið illa við mjög marga. Þeir hluthafar sem voru á móti því segja að Kaupþing, sem er viðskiptabanki Baugs, hafi vissulega haft sterka skoð- un á gengi FL Group. En Kaup- þing hafi ekki haft úrslitaáhrif. Eitt er ljóst, að Jón Ásgeir fékk meira fyrir fasteignir Baugs og von um að fá nýja fjárfesta inn jókst.

HANNES HÆTTIR OG JÓN TEKUR VIÐ

Fréttablaðið greinir frá því á mánudagsmorgun 3. desember að Jón Sigurðsson taki við forstjóra- starfinu af Hannesi Smárasyni. Gengið var frá því á sunnudegin- um þó ekki formlega af stjórn fé- lagsins, sem kom ekki saman. FL Group sendir tilkynningu og seg- ist vera í viðræðum við „þriðja aðila“ sem fela í sér mat á fjár- festingakostum og fjármögnun þeirra. Ljóst er að málið er að tefjast óþægilega lengi.

FL Group lækkaði um 7,89 pró- sent í Kauphöllinni þann dag- inn og félagið fór á athugunar- lista Kauphallarinnar. Gengið við lokun markaða var 20,9.

PÁTTUR PÁLMA HARALDSSONAR

Fasteignir Baugs og sala á AMR nægðu ekki ein og sér til að styrkja FL Group. Það varð að fá meiri peninga inn í félagið. Aðrir stórir hluthafar voru vængstýfð- ir af fjármálastofnunum. Tryggja varð áhuga eins fjárfestis, sem gæti skorið tiltekna hluthafa úr snörunni og tekið þátt í hluta- fjáruþboði.

Jón Ásgeir Jóhannesson vissi af áhuga Pálma Haraldssonar í Fons. Hann átti dýrmæta pen- inga. Í byrjun mars 2007 seldi Pálmi í FL Group á genginu 29,5 fyrir tæpa níu milljarða króna. Hann hafði sýnt áhuga á að koma aftur inn þegar gengið var ekki langt frá 20. Hann vildi pottþétt stinga sér inn færi gengið enn lægra. Þróunin var einkennandi fyrir klókindi Pálma; að bíða á hliðarlínunni með fullar hendur



SÍÐASTIR ÚR HÚSI Þorsteinn M. Jónsson, Hannes Smárason, Magnús Ármann og Jón Ásgeir Jóhannesson voru síðastir úr húsi eftir stjórnarfund FL á Logos lögmannsstofu. Stóri dagurinn var að renna upp þar sem uppstökkun félagsins var kynnt. MARKAÐURINN/BJÖRGVIN

fjár og leysa menn út þegar allt er á niðurléið.

Á forsíðu Fréttablaðsins þriðjudaginn 4. desember segir að Pálmi verði aftur hluthafi í FL Group. Mynd birtist af fundi Pálma og Jóns Ásgeirs í höfuð- stöðvum Fons við Suðurgötu í Reykjavík mánudagskvöldið áður. Þar kemur líka fram að Hannes Smárason, Magnús Ármann, Þorsteinn M. Jónsson og Kevin Stanford hafi hug á að minnka sinn hlut í FL. Viðskipti með bréf í félaginu í Kauphöll Ís- lands eru stöðvuð.

STJÓRNARFUNDUR Í SKJÓLI NÆTUR

Kvöldið áður, rétt eftir mið- nætti aðfaranótt þriðjudags, var loks haldinn stjórnarfundur í FL Group á lögmannsstofunni Logos í Efstaleiti. Fullhlaðnir Range Roverar, Porsche-jeppar og Benz-bílar fylla stæðin. Gunnar Sturluson, lögmaður FL Group og Hannesar Smárasonar, klárar nauðsynlega pappírsvinnu. Menn bera sig saman. Þeir stjórnar- menn sem bíða á hliðarlínunni labba fyrstir út – þó ekki saman; Smári S. Sigurðsson, Jón Kristj- ánsson og Skarphéðinn Berg Steinarsson.

Inni klára Magnús Ármann, Þorsteinn M. Jónsson, Hannes Smárason og Jón Ásgeir sín mál. Þegar klukkuna vantar tuttugu mínútur í tvö um nóttina kalla þeir þetta gott og halda heim á leið. Hver á sínum bíl. Dagurinn þar sem allt verður lagt á borðið og blásið til sóknar á ný er að renna upp.

FÖNIX RÍS EKKI ÚR ÖSKUSTÓ

Í lok viðskiptadags 4. desember 2007 er send út tilkynning og breytingar til að styrkja stöðu FL Group kynntar. „Við erum að vinna í því að styrkja eiginfjár- grunn FL Group svo við getum tekið á okkur áföll ef þau verða. Við tökum líka þátt í hlutafjár- aukningunni til að slá á sögur um að allt sé að brenna hjá FL. Þetta er sterkt félag á alla mælikvarða,“ segir Jón Ásgeir Jóhannesson við Fréttablaðið. Hann hefur líka

lagt mikla fjármuni að veði, 53,8 milljarða króna á FL Group.

Boðað er að FL muni fara hægar yfir í fjárfestingum sínum. Prófill félagsins er breyttur. Nafn Hannesar Smárasonar var of nátengt rekstrinum. Stórir hluthafar vildu víkja honum til hliðar. Það er sárt en nauðsynlegt. Hannes áttar sig á því. Hann selur ásamt Magnúsi Ármann, Þorsteini M. Jónssyni og Kevin Stanford sam- anlagt tæp sjö prósent hlut til Pálma Haraldssonar á genginu 16 en ekki 14,7 eins og Baug- ur keypti á. Þetta var partur af dílnum. Gnúpur selur í FL fyrir um fjóra milljarða til Magnúsar Kristinssonar, eins eiganda Gnúps. Svo virðist sem hluthaf- ar FL Group, sem voru í vandræðum í upphafi, séu að komast á lýgnari sjó. Bankamenn eru ró- legri fyrir vikið.

SPENNANDI DAGAR

Í dag og fram á föstudag munu fjárfestar hafa tækifæri til að kaupa allt að tíu milljarða króna í FL Group á genginu 14,7. Pálmi Haraldsson mun taka þátt í því útboði. Spannan snýst um hversu margir aðrir hafa áhuga á að taka þátt í útboðinu. Skipulögð er fjárfestakynning til að ýta undir áhuga. 14,7 er lágt gengi að mati margra. Að auki skuld- bindur Baugur sig til að selja allt að fimm milljarða af sínum hlut skapist umframeftirspurn. Þeir sem taka þátt í þessu útboði eiga þess svo kost að taka þátt í öðru útboði upp á þrjá milljarða eftir áramót á sama gengi.

Það lítur því út fyrir að FL Group muni lifa áfram. Hannes Smárason er holdgervingur niðursveiflunnar á Íslandi. Hann borgaði með forstjórastólnum en er ekki einn um að tapa millj- örðum. Það sama á við marga aðra í íslensku viðskiptalífi um þessar mundir. Heilbriggt rekstr- arumhverfi, skilvirk áhættu- stýring banka og öflugur vöxt- ur undanfarinna ára fleytir mönnum langt. Lítil hætta er því á hruni þótt hrikt hafi í stöðum FL Group.

Nú einnig með dönskum, sænskum og finnskum markaðsgögnum



MARKAÐSVAKTIN

Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

mentis HUGBÚNADUR

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI í 14 daga á www.mentis.is

Microsoft CERTIFIED Partner

HVERNIG MAÐURINN HUGSAR

um hamingjuna, framtíðina og hlutskipti
sitt í lífinu

**Stórskemmtileg ný bók sem rannsakar hinar
ruglingslegu tilraunir okkar til að finna hamingjuna.**

—TIME Magazine



Verðlauna
BÓK

Gilbert er frábærlega skemmtilegur leiðsögumaður um einhverjar athyglisverðustu rannsóknir á mannssálinni sem farið hafa fram. Heldurðu að þú vitir hvað gerir þig hamingjusaman? Þú getur ekki verið viss fyrr en þú hefur lesið þessa bók.


—STEVEN D. LEVITT, HÖFUNDUR FREAKONOMICS

Þetta er sálfræðileg leynilögreglusaga um einhvern mesta leyndardóm lífsins. Ef þú hefur einhvern tíma hugleitt hlutskipti mannsins, þá ættirðu að lesa þessa bók. **Treystu mér!**

—MALCOLM GLADWELL, HÖFUNDUR BLINK

**HNOTIÐ
UM HAMINGJUNA
DANIEL GILBERT**

Daniel Gilbert er prófessor í sálfræði við Harvard. Hnotið um hamingjuna fékk í ár æðstu verðlaun heims sem veitt eru fræðibókum fyrir almenning. Þau veitir Royal Society á Bretlandi.



SKUGGI
FORLAG

WWW.SKUGGI.IS

3 kynslóð farsíma

Þrjú símafyrirtæki hafa tekið í notkun tækni þriðju kynslóðar farsíma. Hún felur í sér möguleika til stórauðinna gagnaflutninga í farsíma, auk þess sem hægt er að komast á netið hvar sem er innan dreifikerfisins. *Ingimar Karl Helgason* kynnti sér þriðju kynslóðina, vafraði um netið undir berum himni og kannaði hvað fólk í öðrum löndum hefur um þriðju kynslóðina að segja.

Ljóst er að nokkur samkeppni verður um hylli símnotenda í þriðju kynslóðar kerfinu. Þrjú fyrirtæki bítast um fólk: Síminn, Vodafone og Nova, sem er nýr aðili á síma-markaði hérlandis.

Í þriðju kynslóðinni felst fyrst og fremst að hægt er að flytja meira gagnaflutninga en áður í farsíma auk þess sem dreifikerfin bjóða upp á að fólk geti komist á netið í hefðbundnum tölvum hvar sem er innan dreifikerfisins.

Þar sem áður var nær eingöngu flutt tal í símanum, má nú flytja ósköpin öll af gögnum; tala í mynd, horfa á sjónvarp, vafra á netinu og hlaða niður og hlusta á tónlist.

Utan dreifikerfisins verður að komast á netið með öðrum aðferðum og hvað símann varðar er bara hægt að nýta hefðbundna GSM-þjónustu.

Eins og sjá má á myndinni nær dreifikerfið vel út fyrir höfuðborgarsvæðið, út Reykjanesið og í Leifstöð. Þá hefur Síminn komið upp 3G-dreifikerfi á Akureyri og Nova stefnir á frekari útbreiðslu kerfisins.

Til þess að nýta möguleika símans þarf símtækið sjálft að styðja við þriðju kynslóðina. Halldór Jenson, hjá Hátækni, segir að sala á þriðju kynslóðar símunum hafi aukist mikið að undanfögnu, eftir að símafyrirtækin fóru að kynna þjónustu sína. Slíkir símar kosti að jafnaði ekki undir tuttugu þúsund krónum. Hins vegar styðji ekki allir símar við þriðju kynslóðina og framleiðendur setji enn á markað venjulega farsíma, sem geti verið mun ódýrari en ódýrustu þriðju kynslóðar símar.

Hins vegar eru dæmi um að þriðju kynslóðar síma megi fá fyrir minna en tíu þúsund krónur.

DREIFIKERFIÐ

Síminn og Nova hafa hvort um sig sett upp eigið

dreifikerfi fyrir þriðju kynslóðar farsíma. Sendar hafa verið settir upp um allt höfuðborgarsvæðið og raunar víðar. Vodafone hefur samið við Nova um aðgang að þriðju kynslóðar kerfi.

Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova, segir að stofnkostnaður Nova sé eitthvað í kringum tvo milljarða króna til þessa dags.

Linda Waage, upplýsingafulltrúi Símans, segir að upplýsingar um kostnað við uppsetningu dreifikerfisins verði ekki gefnar upp.

Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Vodafone, gefur ekki upp hversu mikið Vodafone greiðir fyrir aðganginn að dreifikerfi Nova.

TIL HVERS ER ÞETTA NOTAÐ?

Samkvæmt upplýsingasíðum símafyrirtækjanna má nota nýju tæknina til að fara á netið í fartölvunni, hvar og hvenær sem er innan dreifikerfisins. Þá muni mikið um að geta horft á viðmælanda sinn í símanum. Þar megi horfa á sjónvarp og vafra um netið. Þá sé líka hægt að nota MSN-spjallforritið í símanum. Þá sé niðurhal á tónlist ekki síst sú þjónusta sem fólk sækist eftir.

Erlendur símnotandi segist í grein á netinu helst nota netið í símanum til að fylgjast með fréttum auk þess að skoða sýnishorn úr bíómyndum í símanum áður en hann ákveður hvort hann ætli að sjá myndirnar í bíó. Aðrir erlendir netnotendur sem Markaðurinn hafði spurnir af virtust lítið nota myndsímtölin en margir segja að þeim finnist möguleikinn skemmtilegur.

„Við erum samt ekki alveg búin að sjá það nú í hvað þetta verður notað. Hver og einn, hvort sem er einstaklingar eða ýmsir geirar atvinnulífsins, eiga eftir að meta þetta og melta, og sjá hvaða möguleika þetta hefur í för með sér. Við getum í sjálfu sér ekkert vitað um það hvaða möguleika þetta hefur í

för með sér,“ segir Liv Bergþórsdóttir hjá Nova.

En á þessu eru auðvitað fleiri hliðar.

Einn hinna erlendu símnotenda sem Markaðurinn frétti af kvartaði undan því hvað tæknin væri orðin mikil. Ef hann sæti í lest vildi hann bara lesa bók eða tala í símann. Hann langaði í síma sem ekki væri með myndavél, engum tónlistarspilara. Síma sem byði ekki upp á netaðgang. „Ég er með heimabíó og nettengda tölvu heima. Ég þarf bara venjulegan síma.“

SKIPTU YFIR Í FRELSI

Þriðja kynslóð farsíma hefur verið notuð um skeið í ýmsum öðrum löndum. Þessi þjónusta er í boði í öllum helstu borgum annars staðar á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu. Einnig eru þriðju kynslóðar kerfi komin upp í Ástralíu, Asíu og víðar.

Þegar könnuð er reynsla símnotenda í öðrum löndum virðist kostnaðurinn helst hafa komið á óvart.

Oftar en ekki byrjaði fólk á því að greiða fyrir notkunina eftir á, en skipti svo yfir í fyrirframgreidda þjónustu eftir að reikningarnir tóku að berast.

Einn símnotandi kvartaði mikið undan því að nú væri ekkert ókeypis lengur og hversu dýrt það væri að hlaða niður myndum og hringitönum.

Annar sagðist geta sjálfum sér um kennt en eftir fyrstu reikningana hefði hann ákveðið að skipta

Fjarskipti eru öryggismál

Þriðju kynslóðar dreifikerfið er enn sem komið er aðeins í kringum höfuðborgarsvæðið. Raunar hefur Síminn komið upp slíku kerfi á Akureyri og Nova stefnir að frekari útbreiðslu hjá sér á næsta ári.

Hins vegar er staðan þannig hvað varðar fjarskipti á landsbyggðinni að ekki er enn komið fullt GSM-samband á öllum hringveginum og sum svæði eru í ótraustu sambandi.

„Það er ekki nógu skýr skylda fyrir fjarskiptafyrirtækin að gæta svæðanna sem standa utan hinna stóru markaðssvæða,“ segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri í Safjarðarbæ og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hann gerir engar athugasemdir við að menn byggji upp þétt og öflugt fjarskiptanet í þéttbýlinu á suðvesturhorninu. „Það er alveg hægt að sætta sig við það, ef menn passa upp á hitt,“ segir Halldór og minnir á þátt hins opinbera. „Það þarf að vinna hraðar á vegum Fjarskiptasjóðs. Fjarskipti eru öryggismál og það er ljóst að hvað Fjarskiptasjóð varðar vantar mikið upp á.“

Konur hafa líka áhuga á tækninni

„Mér finnst ágætt að sjá talað til kvenna þar sem einungis karlar sjást sem notendur G3-símanna í auglýsingunum,“ segir Katrín Anna Guðmundsdóttir, markaðsfræðingur og kennari í kynjafræði við Háskóla Íslands, um textann sem fer hér á eftir. Hann er tekinn af heimasíðu Símans og fjallar um myndsímtöl.

„Þú getur hringt í kærastann þinn úr turninum á Hallgrímskirkju og sýnt honum útsýnið yfir Reykjavík.

Situr kjóllinn rétt? Valdirðu réttu skóna? Hringdu í bestu vinkonurnar og fáðu hjálp.

Dú hringir í iðnaðarmanninn og sýnir honum vandamálið sem hann þarf að leysa.

Ertu að fara á blint stefnumót? Hringdu á undan þér og sjáðu hvað bíður þín.

Dú hringir af fæðingardeildinni í afa og ömmu og sýnir þeim nýja barnabarnið.“

„Fyrstu tveir punktarnir eru klárlega markaðir fyrir konur þó að hinir þrír séu kynhlutlausir og geti átt við bæði kyn. Margar konur eru hins vegar orðnar þreyttar á staðalmyndinni um endalaus skóaráttu,“ segir Katrín Anna.



KATRÍN ANNA GUDMUNDSDÓTTIR

Óútskýranlega hár reikningur

„Ég hringi, fæ símtöl og sendi SMS,“ segir Anna Einarsdóttir sem hefur notað þriðju kynslóðar farsíma í um tvo mánuði. Hún segist raunar líka hafa sent tal-SMS og vídeó-SMS. En hún gerði sér nokkrar væntingar um símann. „Ég verð að játa að ég kann bara ekki mikið á þetta. Ég hélt satt að segja að þetta væru fyrst og fremst myndsímtöl, að maður gæti horft á þann sem maður talar við, en svo er fullt annað í þessu sem ég nota næstum ekki neitt,“ segir Anna og bætir því við að þeir séu ekki margir í hennar nánasta umhverfi sem séu komnir með þriðju kynslóðar símana.


Anna segist hafa orðið undrandi þegar símareikningurinn kom. „Hann var miklu hærri en ég bjóst við. Bara viðurstygilega hár eða kannski óútskýranlega hár,“ segir Anna brosandí.

ANNA EINARS-DÓTTIR Notar þriðju kynslóðina mest eins og venjulegan síma.



HALLDÓR HALLDÓRSSON





- Útbreiðsla GSM
- Útbreiðsla 3G NOVA
- Útbreiðsla 3G Síman

yfir í fyrirframgreidda þjónustu, til þess að hafa hemil á sjálfum sér.

Upplýsingafulltrúar símafyrirtækjanna hér- lendis benda á að hver og einn geti fylgst með notkun sinni. „Við höfum ekki áhuga á því að fólk fái himinháa reikninga sem það gerði ekki ráð fyrir,“ segir Linda Waage, hjá Símanum.

Í töflunum hér til hliðar má sjá hversu mikið



GÍSLI TRYGGVASON

Fagnar aukinni samkeppni

„Ég get ekki annað en fagnað því að þrjár aðilar séu í virkri samkeppni í þessari nýju tækni,“ segir Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda. Hann segir að samkeppni á símamarkaðnum hafi ekki verið nógu sýnileg og verðskrá fyrir- tækjanna ekki nógu gegnsæ. „Það hefur verið erfitt fyrir neytendur að gera sér grein fyrir því hvað símaþjónusta kostar. Vonandi verður aukin samkeppni til þess að lækka verðið og auka gegnsæið.“

kost- ar að fá gögn í símann í þriðju kynslóðar kerfinu. Til þess að gefa einhverja hugmynd um hver kostnaðurinn getur verið gott að hafa í huga að forsiða á vinsælum fréttavef getur verið 0,5 MB og allt upp í 3 MB eftir því hversu mikið af myndum og auglýsingum er að finna á síðunni. Þá gæti reynt kostnaðarsamt að hala niður löngu myndbandi.

Þá má benda á að sé fólk stítt í útlöndum, getur kostnaðurinn orðið mjög mikill, svo sem margir hafa fundið á venjulegum símareikningum.

Benda má á að í almennri netþjónustu er oftast ekki ótakmarkað niðurhal, hvort sem gögnin koma héðan frá eða út. Þá greiðir fólk raunar fyrir áskrift.

HVER Á AÐ NOTA 3G?

Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Vodafone, segir að í upphafi markaðssetningar á þriðju kynslóðinni leggi Vodafone mikla áherslu á að bjóða einstaklingum að hlaða niður tónlist í símann. Einnig sé horft til fyrirtækjamaðarins þegar kemur að gagnaflutningum og því að fólk fari á netið hvar sem er í fartölvunni.

Linda Waage, hjá Símanum, segir mesta áherslu lagða á almennig. Hún bendir á að fólk noti þriðju kynslóðar símana með svipuðum hætti og það hafi áður notað netið.

Liv Bergþórsdóttir, segir að þjónustan sé hugsuð fyrir almennan markað. Bæði unga og aldna. Hún bendir á að þetta sé viðbót við farsímann. Fólk geti vitaskuld áfram talaði í síma og sent SMS. Myndsímtöl og annað sem þriðja kynslóðin bjóði upp á í farsímanum sé hins vegar viðbót. Til dæmis sé hægt að vera með myndavél heima við og hringja sig inn í hana, og sjá í símanum það sem ber fyrir linsuna. „Þetta getur verið nokkurs konar eftirlitstæki. Þetta er svo auðvitað líka partí-vara,“ segir Liv, „það er til dæmis hægt að nota þetta til þess að sýna í myndsímanum röð inn á skemmtistað.“

Fólk getur væntanlega eftir sem áður hringt í félagi sína eða sent SMS um slíka stöðu mála, hugsar blaðamaður.

NETIÐ UM ALLAN BÆ

Símafyrirtækin buðu blaðamanni að prófa búnað til þess að koma fartölvunni í samband hvar og hvenær sem er. Tækin eru ýmist kölluð pungur (Nova) eða dongull (Vodafone). Kortið frá Símanum var ekki prófað.

Tækinu, sem í rauninni er mótað fyrir þráðlaust net, er stungið í samband við fartölvuna, í USB-tengi, og á maður að gera verið á netinu í fartölvunni hvar sem hver, hvort heldur í strætó eða hvar sem er annars staðar.

Síminn býður sérstakt netkort sem stungið er í þar til gerða rauf á tölvunni.

Þetta virkar þannig að í tækið er sett 3G sim-kort. Tækið nemur svo þráðlaust netsamband þar sem það er fyrir hendi og tengir mann við netið.

Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Vodafone, benti blaðamanni á að kerfið væri glænýtt og enn væri glímt við ýmsa smávægilega hnökra. Hjá Vodafone þarf í upphafi að setja upp hugbúnað, en það er í grunninn frekar einfalt. Blaðamaður fylgdi leiðbeiningum upplýsingafulltrúans út í hörgul en komst samt ekki í netsamband, þrátt fyrir margar tilraunir og endurræsingar. Blaðamaður reyndi í hátt í klukkustund, áður en hann gafst upp og hringdi í Hrannar. Með örlítilli hjálp reyndist þetta þó tiltölulega auðvelt og blaðamaður naut ágæts netsambands þann daginn. Tveimur dögum síðar, þegar reyna átti aftur, fór búnaðurinn aftur á byrjunarreit og blaðamaður þurfti að byrja að setja hann upp að nýju. Eftir það gat hann vafráð vandræðalaust.

Blaðamaður fékk vin sinn til þess að gera hið sama við punginn frá Nova. Sá þurfti ekki að setja upp neinn hugbúnað. Hann komst vandræðalaust á netið en gerði samt nokkrar athugasemdir. Hraði netsambandsins væri ekki sambærilegur við netið heima við. Síni reynsla væri sú að með þessum hætti mætti til dæmis auðveldlega sækja tölvupóst og stökkva á hvaða vefsíðu sem er. Hins vegar þætti sér hraðinn helst til lítill fyrir almennt vafur eða mikið niðurhal. Hann sagði að sér sýndist sem svona net- tenging dygði sér skammt.

Prófað var á þremur stöðum á höfuðborgarsvæðinu: Í Vesturbænum, í Skaftahlíð og í Mosfellsbæ. Alls staðar reyndist vera ágætis samband.

VODAFONE

Bæði er hægt er að kaupa áskrift að netinu í símann þar sem mismunandi gagnamagn er innifalið eða greiða einungis fyrir notkun.

Dæmi:

1.
 - ekkert mánaðargjald
 - hvert MB 290 kr.
2.
 - 390 kr. á mánuði
 - 6 MB innifalin
 - hvert MB umfram 100 kr.
3.
 - 2.400 kr. á mánuði
 - 100 MB innifalin
 - hvert MB umfram 50 kr.

SÍMINN

Bæði er hægt er að kaupa áskrift að netinu í símann þar sem mismunandi gagnamagn er innifalið eða greiða einungis fyrir notkun.

Dæmi:

1.
 - ekkert mánaðargjald
 - hvert MB 300 kr.
2.
 - 500 kr. á mánuði
 - 6 MB innifalin
 - hvert MB umfram 100 kr.
3.
 - 2.500 á mánuði
 - 70 MB innifalin
 - hvert MB umfram 50 kr.

NOVA

Bæði er hægt er að kaupa áskrift að netinu í símann þar sem mismunandi gagnamagn er innifalið eða greiða einungis fyrir notkun.

Dæmi:

1.
 - ekkert mánaðargjald
 - hvert MB 100 kr.
2.
 - 990 kr. á mánuði
 - 100 MB innifalin
 - hvert MB umfram 25 kr.

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Fjárhagsmálefni einstaklinga geta verið viðkvæm.

Birting skattskráa á ekki rétt á sér

Björgvin Guðmundsson

Í Fréttablaðinu á laugardaginn sagði Jón G. Hauksson, ritstjóri Frjálsrar verslunar, að það væri sín tilfinning að almenningur væri hlynntur því að birta upplýsingar úr álagningarskrá, þar sem meðal annars er upplýst um launagreiðslur einstaklinga. „Vísending um það er kannski salan á okkar blaði sem er vel á annan tug þúsunda eintaka,“ sagði Jón við þetta tilefni.

Nú skiptir það í sjálfu sér litlu máli hvort fólk er þessu almennt sammála eða ekki. Þetta snýst um rétt hvers einstaklings til að vera í friði með sín persónulegu mál. Upplýsingarnar ættu að njóta verndar stjórnarskrárinnar, sem kveður á um friðhelgi einkalífs, og laga um þagmælsku skattfyrivalda. Þá skiptir ekki máli hvort 100 eða 100 þúsund vilji brjóta á þessum rétti. Einstaklingurinn á að njóta verndar gegn ofríki meirihlutans í þessum efnunum.

Fjárhagsmál einstaklingsins eru hans privátmál og oft mjög viðkvæmt. Af hverju á hver sem er að geta aflað sér upplýsinga um þau mál ef honum sýnist á skrifstofum skattstjóra landsins? Þetta eru upplýsingar sem hver og einn er neyddur til að láta af hendi. Fáir myndu gera það af fúsum og frjálsum vilja.

Til að hafa það á hreinu er auðvitað öllum frjálst að láta upplýsingar um skatt- og launagreiðslur sínar af hendi og prenta í blaði Jóns G. Haukssonar ef þeim sýnist svo. Það getur líka verið krafa hluthafa í skráðum fyrirtækjum að stjórnendur þess upplýsi um kjör sín og hlunnindi. En þá ganga menn að slíkum samningnum af fúsum og frjálsum vilja. Þeir eru ekki neyddir til þess. Kjósi þeir að hafa þessi mál í myrkrinu eiga þeir þess kost að hafna starfinu. Enginn á þess kost að hafna því að skila skattskýrslu til skattstjóra.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri hefur tjáð sig um birtingu persónuupplýsinga í álagningar- og skattskrá: „Út frá sjónarhóli heildarlegs skattgreiðanda er birting slíkra upplýsinga að engu leyti athugunarverð. Þvert á móti er honum gefinn kostur á því að fylgjast með hvað samborgarar hans þurfa að greiða til samfélagsins. Hinn heildarlegi skattgreiðandi á ekki að þurfa að sæta því að gjöld hans verði hærrí en þau þurfa að vera vegna skattsvika sem fengju þrífist í skjóli leyndar sem gerði skattsvikumum kleift að dylja fyrir samborgurum sínum hve óheildarlegir þeir séu.“

Með sömu rökum hlýtur Skúli að vera fylgjandi því að birta lista yfir alla einstaklinga sem þiggja bætur frá ríkinu. Jafnframt ætti hann að vera fylgjandi því að birta lista yfir hæstu bótaþegana í fjölmiðlum. Þannig gæti „hinn heildarlegi skattgreiðandi“ fylgst með að hann væri ekki að greiða of mikið til samfélagsins vegna þess að einhverjir bótaþegar væru að svíkja út greiðslur. Hér skipta hagsmunir einstaklingsins ekki máli heldur heildarinnar.

Það er óhugsandi að forsenda fyrir skilvirku skattaeftirliti sé eftirlit almennings með samborgurum sínum. Hversu ógeðfellt er sú hugsun Skúla Eggerts Þórðarsonar að gera alla Íslendinga að litlum njósnurum skattfyrivalda svo þeir geti tilkynnt um hugsanleg skattsvik samborgara sinna? Skúli Eggert Þórðarson berst fyrir hagsmunum kerfisins þótt það brjóti á réttindum einstaklinga. Hann réttlætir brotið með tilvísun til hagsmuna heildarinnar eða ríkisins. Kommúnistar og nasistar réttlættu sín brot með svipuðum hætti á síðustu öld. Ekki er ég að ýja að því að ríkisskattstjóri aðhyllist þá hugmyndafræði heldur hve hættulegt það er þegar ríkishagsmunir eru settir ofar hagsmunum einstaklinganna.

Sem betur fer hefur fólk mikla trú á starfsmönnum skattfyrivalda enda sérþjálfað fagfólk sem sinnir starfi sínu vel. Það hefur aðgang að öllum upplýsingum og þekkingu til að greina hvenær gjaldendur svíkja undan skatti. Aðrir hafa hvorki þær upplýsingar né geta krafist þeirra eins og eftirlitsstofnanir ríkisins. Með þekkingu, reynslu og rannsóknarheimildir að vopni eiga embætti skattfyrivalda að tryggja eðlilegar skattgreiðslur einstaklinga. Það eftirlit á ekki að vera í höndum borgaranna sjálfrá. Það hefur heldur ekki verið sýnt fram á að skattsvik séu greinilega minni í þeim löndum sem birta þessar upplýsingar en í löndum sem gera það ekki. Í dönskum lögum til dæmis er kveðið á um algera leynd um skattgreiðslur einstaklinga. Það er ekki hægt að rökstyðja brot á friðhelgi einkalífs allra Íslendinga vegna skattsvika fárra. Það eiga Jón G. Hauksson og Skúli Eggert Þórðarson að vita.

bjorgvin@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olrik@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

Þegar vöndar fréttir eru góðar fréttir

ORD Í BELG

Póra Helgadóttir
hagfræðingur hjá
Kaupþingi.



Í þessari stöðu og ættum við því ekki að örvænta. Úrvalsvisitalan er nú á svipuðum slóðum og hún var í byrjun árs en um mitt árið hafði hún hækkað um allt að 40 prósent. Þeir sem keyptu bréf í júlí og þurfa að selja núna geta verið ósáttir, en ef þú ert nýkominn inn á markaðinn ætti þessi leiðrétting að opna ný tækifæri á markaði. Svo ég vitni í Albert Einstein: „Innan um erfiðleikana felast tækifæri.“

ER LÆKKUN ALSLÆM?

Verð á fasteignum á Íslandi er ennþá að hækka. Samkvæmt Fasteignmati ríkisins hækkaði fasteignaverð um 2,8 prósent á höfuðborgarsvæðinu í október og hefur því hækkað um 17 prósent það sem af er ári. Markaðurinn hér hefur því ekki fylgt eftir þróuninni í Bandaríkjunum og Bretlandi en hins vegar spá flestir markaðsaðilar því að fasteignamarkaðurinn muni kólna á næstunni og að verð muni jafnvel lækka í ákveðnum hverfum. Er það slæmar fréttir? Ef þú ert ekki að fara að selja húsnæðið þitt til að yfirgefa markaðinn ætti það ekki að vera raunin. Ef þú ert til dæmis að selja til að kaupa annars staðar ættu verðáhrifin að nettast út, þú selur fyrir minna en kaupir líka ódýrara húsnæði. Þeir sem

TÆKIFÆRI INNAN UM ERFIÐLEIKA

Fréttir af fjármálamörkuðum eru nokkuð líkar veðurfréttum á Íslandi, ef veðurspáin er sól og lofn þá brosa allir sínu breiðasta og ef hlutabréf hækka um 3 prósent eiga allir að vera glaðir. Að vísu á stór hluti þjóðarinnar hlutabréf á íslenska markaðnum hvort sem það er bein eign eða óbein í gegnum lífeyrissjóði. Hins vegar er vert að hafa í huga að svo fremi sem maður sé ekki að fara á eftirlaun á morgun eða neyðist til að selja hlutabréf á næstunni gæti leiðrétting á markaði verið góðar fréttir. Það er að segja ef þú áætlast að þú munir kaupa fleiri bréf á næstu árum en þú selur. Í ljósi þess hve ung þjóð við Íslendingar erum, meðalaldur aðeins 35 ár, er líklegt að fleiri séu einmitt



Ungt fólk á Austurvelli Innan um erfiðleikana felast tækifæri, hefur Póra Helgadóttir hagfræðingur eftir Albert Einstein í grein hennar um lækkanir á hlutabréfamörkuðum. Hún segir leiðréttingu opna ný tækifæri þeim sem nýkomnir eru inn á markaðinn. Sama gildi um verð á fasteignum.

UM VÍÐA VERÖLD

Lítið ímyndunarafl

Forbes | Bandaríska tímaritið Forbes segir það undrum sæta hve lítið ímyndunarafl Bandaríkjamann hafi þegar komi að valmöguleikum á fasteignalán-um vestra. Blaðið segir þetta í raun stundarlegt af þjóð sem hafi gert nýstárlega iPod-spilara og La-Z-Boy-stóla að alþjóðlegum vörumerkjum sem hafi þótt framúrsteftuleg, jafnvel valdið byltingu. Ósagt skal látið með öllu hvort stólarirnir flokkist til snjallra hugmynda hjá öðrum en þeim sem vilja láta fara vel um sig fyrir framan imbakassann. En hvað um það. Fasteignalán eru að sögn blaðsins að sliga Bandaríkjamann, ekki síst þá sem lægstar hafa tekjurnar. Það bendir því á nokkrar leiðir sem hægt væri að bjóða. Þar á meðal væri að taka upp dreifðari afborganir í stað mánaðarlegra afborgana af lánum en slíkt hefur verið byrði á tekjulágum einstaklingum sem hafa oftast en ekki sligast undan afborganahrúgunni og lent í vanskilum. Það er einmitt þetta atriði, vanskilaaukningin, sem er rótin að vanda banka og fjármálastofnana sem hefur leitt til fjármálakreppunnar víða um heim.

Forstjórinn tók á sig skellinn

Guardian | Ekki liggur enn fyrir hversu djúpstætt mark fjármálakreppan hefur sett á banka og fjármálastofnanir. Afleiðingarnar voru lengi að koma í ljós, ekki síst þar sem fasteignalán voru inni í lánavöndlum sem fjármálayfirtæki keyptu víða um heim með von um háa ávöxtun. Í kjölfarið hafa bankar neyðst til að afskrifa háar upphæðir úr bókum sínum og forstjórahausar fengið að fjúka. Þúsundir starfsmanna hafa farið sömu leið. Breska dagblaðið Guardian gerir svissneska risabankann UBS að umfjöllunarefni í gær en stjórnendur hans greindu frá því í vikubyrjun að hann hefði neyðst til að afskrifa tíu milljarða dala úr bókum sínum vegna útlánataps. Bankinn brá á það ráð að selja níu prósent hlut til varnar yfirvofandi taprekstri en hefur auk þess sagt upp 1.500 manns í hagræðingarskyli. Þá hefur Marcel Rohner, nýráðinn forstjóri bankans, ákveðið að taka skellinn á sig að nokkru leyti. Hann felst í því að forstjórinn verður af bónusgreiðslum í ár, að sögn Guardian, sem þó tekur ekki fram hversu há upphæðin er sem Rohner verður af um júlín.

eru að koma inn á markaðinn í fyrsta skipti hagnast hins vegar á þessari þróun. Svipað og með hlutabréfaverð þá getur frétt um lækkun fasteignaverðs verið jákvæð fyrir marga.

SPARNAÐUR Á NÆSTA LEITI

Það er deginum ljósara að Íslendingar hafa ekki eytt miklu í sparnað á síðustu árum. Í fyrsta var hreinn sparnaður íslensku þjóðarinnar neikvæður í fyrsta skiptið frá því árið 1992. Hreinn sparnaður er þá ráðstöfunartekjur þjóðarinnar í heild sinni að frádreginni einkaneyslu og samneyslu. Þetta segir okkur að í fyrsta vorum við að eyða meira í neyslu en við höfum á milli handanna. Ein ástæða lítils sparnaðar er án efa mikil og langvarandi hækking fasteigna- og hlutabréfaverðs. Við slíkar aðstæður er algengt að einstaklingar taka því sem gefnu að sú þróun muni halda áfram og vanmeta þörf fyrir sparnað. Til langs tíma hefur slík þróun neikvæð áhrif á hagkerfið þar sem lítil sparnaður þýðir minni fjárfesting sem á móti þýðir minnkandi hagvöxtur sem mun hafa neikvæð áhrif á lífsgæði þjóðarinnar til lengri tíma lítið Lækkun hlutabréfa- og fasteignaverðs gæti því ýtt undir sparnað í hagkerfinu og haldið okkur efst/ofarlega á þeim listum sem mæla lífsgæði þjóða. Það hljóta að vera góðar fréttir að geta áfram sagt að Ísland sé best í heimi.

HIN HLÍÐIN

Hefði verið jákvætt að sjá verð á hlutabréfum halda áfram að hækka upp úr öllu valdi eða hefðu fréttir af spá um áframhaldandi hækkingu á fasteignamarkaði hljómað betur í eyrum landsmanna? Ég er ekki svo viss. Hefði sú þróun leyst vanda íslenska hagkerfisins? Líklega ekki. Eftir þenslu síðustu ára er þörf á því að hagkerfið kólni. Lækkun bæði hlutabréfa- og fasteignaverðs ætti að hafa kælandi áhrif á einkaneyslu og þar af leiðandi á verðbólgu og viðskiptahalla. Sú þróun gæti loksins gert Seðlabankanum kleift að lækka vexti; það hljóta að vera jákvæðar fréttir. Í kjölfarið gætu matsfyrirtæki séð sér fært að hækka á ný lánshæfismat ríkisins. Þegar öllu er á botninn hvolt er óhætt að horfa jákvæðum augum fram á við þrátt fyrir margar dómsdagsspár um hrun markaða á síðustu vikum.

ÚTGÁFUPLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN: Hólfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Óli Kristján Ármannsson, Sindri Sindrason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSLÍMI: 512 5000 SÍMBREFF: 512 5301 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðurinn er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabókum á endurgjald.

STARFSMANNAMÁL

Eru próf mikilvæg í atvinnuviðtölum?

Þegar búið er að velja þá sem teljast hæfastir fyrir starf, samkvæmt viðtölum, ferilskrám, umsóknareyðublöðum eða öðru, er næsta skrefið í mörgum fyrirtækjum að senda umsækjendur í próf. Aukin samkeppni á vinnumarkaði gerir þær kröfur að umsækjendur sýni færni á mörgum sviðum, hafi þekkingu á viðskiptalífi, geti leyst auðveldar stærðfræðiprautir, leyst

úr framsettum tilbúnum vandamálum, leyst auðveld málfræðipróf eða annað þvíumlíkt.

Prófin skiptast í stórum dráttum í tvennt. Annars vegar í próf sem mæla þekkingu og hæfni sem nauðsynleg er fyrir sérstök störf og hins vegar próf sem mæla greind (Riggio, 2003). Til eru próf sem mæla almenna greind eins og hæfni til að vinna með tölur og hæfni til að tjá sig. Persónuleikapróf eru ólík greindarprófum á þann hátt að þau einblína meira á hegðun fólks við vissar aðstæður.

Greindarpróf mæla getu sem felur í sér rökfærslu, lesskilning, skriflegar eða stærðfræðilegar röksemdafærslur og skynjun. Prófin eru ýmist penna- og papp-

írspróf eða eru unnin á tölvur (Ryan og Tippins, 2004). Þegar greindarpróf eru notuð í sambandi við val starfsmanna eru þau hönnuð til að mæla hæfni einstaklinga til þess að læra einföld störf, fara eftir fyrirmælum og leysa vinnutengd vandamál og úr ýmiss konar erfiðleikum. Prófin hafa þó fengið á sig þá gagnrýni að þau séu of almenn til þess að tengjast frammistöðu í starfi. Margir gagnrýndur segja að prófin komi best út fyrir þá sem hafa staðið sig vel í skóla þar sem spurningar prófanna líkjast þeim verkefnum sem skólinn býður upp á (Riggio, 2003). Sem dæmi um spurningar sem reyna á stærðfræði og rökfærslu eru:

- 1) Hvaða tölur koma í stað spurningarmerkisins?:
3124 5306 7568 4205 6427 8??9
- 2) Hvaða tölur koma aftast í stað spurningarmerkisins?:
1,1,2,3,4,5,8,7,16,9,32,?,?
- 3) Hvaða tala kemur í stað spurningarmerkisins?:
100, 96.4, 92.8, 89.2, 85.6, ?, 78.4
(Carter, 2005)

Það verður að hafa í huga að próf segja ekki alla söguna um umsækjanda og próf geta ekki komið í staðinn fyrir viðtöl. Próf eru líka takmarkandi og geta ekki sýnt þann margbreytileika sem hver persóna býr yfir. Best er að blanda þessu tvennu saman. Það er nefnilega ekki algilt þó að umsækjandi hafi vissa hæfni

sem tilgreind er í auglýsingu eða hátt greindarstig að hann sé sá rétti í starfið. Þrátt fyrir að umsækjandi sé fær á einhverju sviði getur verið að honum mislíki vinna í þeirri grein sem hann er fær í. Árangur felst nefnilega að stórum hluta í því að starfsmenn hafi áhuga á starfinu.

Svar: 1. Fyrsta talan og síðasta margfaldaðar saman gera miðtöluna. Talan er 72. 2. Svarið er 11 og 64. Það eru tvær raðir til skiptis; 1,2,4,8,16,32 og 1,3,5,7,9. 3. Svarið er 82. Dragið 3.6 frá hverju sinni.

Sif Sigfúsdóttir
markaðsstjóri við
viðskipta- og hagfræðideild HÍ og stundakennari.



SPÁKAUPMAÐURINN

Smákökur

Spesían var mynt myntanna héraðs á næstisíðustu öld og hinni á undan í hópi kaupmanna, fjárfesta þess tíma. Þetta fornaldarklink var um margt keimlíkt afkomandanum, krónunni, enda hátt skráð, um árabíl tugum prósentu verðmætari en kúrantalurinn, sem brúkaður var í kóngsins Köbenhavn.

Þessi samlikning flaug í hausinn á mér sem ég stóð inni í eldhúsi á mánudag, hrærði í smákökur og hlustaði á þúsund-og-eitt-hvað bestu jólalöggin með öðlingnum Björgvini Halldórssyni renna undir geislanum. Diskinn fékk ég á niðursettu verði, fyrir næstum ekki neitt, á einhverri útsölu á heitum degi í sumar. Þvílíkur snillingur sem maður

er að hugsa langt fram í tímann og næla sér í svona afbragðsmúsík fyrir pening. Margur mætti taka þetta til sín. Og þá er ég ekki að tala um að baka smákökur hálfum mánuði fyrir jól.

En aftur að bakstrinum. Eins og sannur fjárfestir baka ég alltaf spesíur fyrir jólin. Þetta eru ljúfar kökur sem fara jafn vel í munni sem veski og vasa. Klink úr dýrindisefnum sem bráðnar jafnskjótt og maður stingur því upp í sig. Því miður eru ekki margir jafn heppnir og ég í peningamálunum og geta



gírað sig upp í græðginni á spesíumarkaðnum, eins og ég kalla stundum þessa blessuðu fjármálamarkaði, með þeim afleiðingum að smákökurnar hafa bráðn-

að í ofninum. Nú halda einhverjir að ég sé farinn að rugla, uppfullur af smákökum sem ég stelst til að narta í af bökunarplötunni, sjóðheitar svo þær brenni á mér tunguna. Nú eða orðinn snar-geggjaður af þúsund jóla-lögum Bós. En svo er ekki. Fjarri því.

Ég hef þess vegna ákveðið að gefa þeim fjárfestum sem enn

eiga pening eftir skellinn í vetur – nú og þeim sem vilja fara inn á markaðinn – ráð í jólagjöf: Ekki reyna að borða fleiri spesíur en eru á bökunarplötunni. Það er græðgi og ávísun á fátt annað en magasár.

Læt hér fylgja uppskrift fyrir þá sem engar eiga spesíurnar:

400 g smjör

500 g hveiti

150 g flórsykur plús grófur sykur

Hnoðið deigið. Mótið úr því

sívalninga og veltið þeim upp

úr grófum sykri. Kælið deigið

til næsta dags. Skerið svo deigið

í þunnar jafnar sneiðar, raðið

þeim á bökunarplötu og bakið

við 200 gráður þar til kökurnar

eru ljósbrúnar á jöðrunum.

Spákaupmaðurinn á horninu



MacBook Pro

– hraðvirkasta fartölvan fyrir Vista*



Ótrúlegt en satt, en hraðvirkasta PC-fartölvan er Makki. Vertu velkominn í hópinn – hvort sem þú vilt nota Windows eða Mac OS X þá er næsta tölvan þín frá Apple.

Mac Book Pro
15,4" skjár / 2,2 GHz
Intel Core 2 Duo / 120 GB / 2 GB
1440 x 900 px / 128 MB skjákort
8x SuperDrive / iSight / Fjarstýring
199.990,-

Mac Book Pro
15,4" skjár / 2,4 GHz
Intel Core 2 Duo / 160 GB / 2 GB
1440 x 900 px / 256 MB skjákort
8x SuperDrive / iSight / Fjarstýring
249.990,-

Mac Book Pro
17" skjár / 2,4 GHz Z0ED
Intel Core 2 Duo / 160 GB / 2 GB
1680 x 1050 pixlar / 256 MB skjákort
8x SuperDrive / iSight / Fjarstýring
279.990,-

*Skv. mælingum PC World: pcworld.com/article/id,136649-page,3-c,notebooks/article.html

Apple IMC | Humac ehf.
Laugavegi 182 Kringlunni
105 Reykjavík 103 Reykjavík
Sími 534 3400 Sími 534 3400
www.apple.is www.apple.is


Apple IMC

Ávaxtaðu betur

14,8%*

Sérfræðiaðstoð
við fjárfestingar
hringdu í síma
444 7000

Peningamarkaðssjóður

KAUPLING

Hugsum lengra

Peningamarkaðssjóður er tilvalinn fjárfestingarkostur fyrir þá sem vilja binda fé í skammta tíma án mikillar áhættu.

Enginn munur er á kaup- og sölugengi og innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

*Nafnávöxtun í íslenskum krónum á ársgrundvelli fyrir tímabilið 31/10/2007 - 30/11/2007.

Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupflings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðsýsingu eða útdrætti úr útboðsýsingu sjóðsins í útbúum Kaupflings eða á www.kaupthing.is.

Einfalt mál

EINA VIÐSKIPTAÐLAÐIÐ SEM ÞÚ ÞARFT

Með Þréttablaðinu alla miðvikudaga | Í hádeginu kl 12:12 á Stöð 2 | Markaðurinn á Vísí alla daga

MARKAÐURINN

VIÐSKIPTAFRÉTTIR
ALLA DAGA VIKUNNAR



SIGURJÓN ÁRNASON BANKASTJÓRI LANDSBANKANS Þjóða betri kjör fremur en að auglýsa.

Þurfum líka evrur

Landsbankinn ætlar að bjóða meginlandsbúum sams konar innlánsreikninga og slegið hafa í gegn í Bretlandi.

Ingimar Karl Helgason
skrifar

„Við þurfum líka evrur, ekki bara pund,“ segir Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans. Bankinn stefnir að því, á fyrri hluta næsta árs, að bjóða meginlandsbúum svipaða innlánsreikninga og hafa gengið vel í Bretlandi.

Tíu prósent árlegrar viðbótar í innlánnum á Bretlandi runnu inn á reikninga í Icesave. „Engin íslensk vara hefur nokkurn tímann orðið jafn útbreidd meðal almennings á jafn skömmum tíma,“ segir Sigurjón, en breskir sparifjäreigendur hafa lagt hátt í fimm milljarða punda inn á þessa reikninga frá því í fyrrahaust. Hlutfall innlána af útlánnum bankans hefur stórukist í kjölfarið.

„Þetta eru í raun bara óbundnar sparisjóðsbækur. Við gefum ekki út kort eða neitt,“ segir Sigurjón.

Hann útilokar ekki að bankinn reyni síðar að setja reikningana á markað Vestanhafs. „Það er aldrei að vita,“ segir Sigurjón, en bendir á að erfiðara sé að komast inn á markað þar en í Evrópu. „EES-samingurinn gerir þetta allt miklu einfaldara.“

Bankinn hlaut nýlega viðurkenningu samtakanna Financial Service Forum þar í Bretlandi, fyrir vel heppnaða markaðssetningu á innlánareikningum Icesave.

„Við höfum ekki efni á því að vera að eyða svo miklu í auglýsingar í Bretlandi, þær eru mjög dýrar. Svo við höfum frekar

farið þá leið að bjóða fólki betri kjör en auglýsa minna,“ segir Sigurjón. Hann segir að breskir fjölmiðlar fylgist vel með kjörum á bankareikningum. „Þeir birta samanburð og fólk treystir honum. Við höfum notið þess.“

Sigurjón segir að Landsbankinn hafi riðið á vadið með þessa einföldu innlánsreikninga sem fólk kemst á í gegnum netið. Síðan hafi keppinautar fylgt í kjölfarið. „En eftirsurningur hefur verið ævintýrleg, sérstaklega á þeim tíma sem þetta byrjaði.“

Bankinn lofar fólki tiltekinni lágmarksávöxtun fram til ársins 2011. „Við settum í þetta ákveðið gólf svo fólk skynjaði að þetta væri ekki bara til skamms tíma,“ segir Sigurjón. En næstu fjögur árin lofar bankinn því að ávöxtun á innlánsreikningum verði ekki minni en 0,25 prósentustig. „Núna er ávöxtunin 0,55 prósentum ofan við vexti Englandsbanka.“

„Þetta er bara herra Smith, venjulegt fólk,“ segir Sigurjón, þegar hann er spurður um hverjir séu viðskiptavinir bankans.

Sigurjón vill lítið segja um ógnanir. „En við höfum staðist ákveðna eldskírn.“ Þegar bankinn hafi byrjað með Icesave hafi umræða um íslensku banka í Bretlandi ekki verið með öllu jákvæð. „Síðan var þetta Northern Rock-mál. Við vissum ekki hvernig þetta færi með okkur. Við fórum í gegnum þessa panikkreppu. Þetta var svona stressast á vörinni, en við komumst í gegnum það,“ segir Sigurjón Árnason.

PRIMERGY TX200S3

HTC Touch Dual

MS Mobile og stuðningur við Exchange

Fyrirtækjatilboð

FUJITSU COMPUTERS
SIEMENS

Þú færð HTC Touch Dual síma að verðmæti kr. 59.995,- í kaupbæti með hverjum Primergy TX200S3 netþjóni frá Fujitsu Siemens.

Gildir meðan birgðir endast.

Fujitsu Siemens netþjónn PRIMERGY TX200S3

Örgjörvi: Xeon 5050 3.0 Ghz Dual Core
Minni: 2x512 MB 667 mhz
Diskur: 2x73GB 15K SAS hot-plug
Geisladrif: DVD geisladrif

kr. 239.990,-

PRIMERGY TX200S3 hentar afar vel fyrir minni og meðalstór fyrirtæki.

Betri þjónusta!

digital TASK

Grensásvegi 11
105 Reykjavík
Sími: 550 4000
fyrirspurn@digital.is
www.digital.is

Háskólamenntað verkafólk

Mun fleiri hafa komið til starfa hérlendis en búist var við. Bretar og Írar deila reynslu Íslendinga. Sumir atvinnuvegir eru háðir erlendu vinnuafli.

„Við sjáum að það sama hefur gerst hér og hjá Bretum og Írum. Hjá Írum hefur fjölgunin orðið á við heila íslenska þjóð,“ segir Lárus Blöndal, deildarstjóri atvinnu- og félagsmáladeildar Hagstofu Íslands.

Bretar og Írar gerðu ráð fyrir því að með opnun evrópska vinnuamarkaðarins kæmu á bilinu sjö til fimmtán þúsund erlendir starfsmenn til hvors lands um sig, en raunin varð töluvert önnur. „Um 300 þúsund innflytjendur komu til Írlands og tvöfalt fleiri til Bretlands. Yfir helmingurinn var frá Póllandi,“ segir Lárus.

Lárus segir marga koma frá fyrrverandi austantjaldslöndum; „Það skýrist af miklu atvinnuleysi þar. Hérna vestan megin getur fólk fengið hærri laun og hér er meira um vinnu. Fólk kemur þótt það fái ekki vinnu við hæfi, ef svo má að orði komast,“ segir Lárus og vísar meðal annars til þess að margir verkamenn



PÓLSKIR VERKAMENN FYRIR AUSTAN Fimmtungur erlendra ríkisborgara hér á landi starfar við mannvirkjagerð.

eru ýmist með háskólapróf eða iðnmenntun, en starfa ekki við það sem þeir menntuðu sig til.

Lárus bendir á að líkt og í Bretlandi og á Írlandi hafi innflytjendur ekki tekið störf frá innfæddum heldur hafi orðið til ný störf sem ekki hafi tekist að manna með innfæddum. „Við það má bæta að meirihluti þeirra sem hingað koma eru ungt fólk. Þannig að það er til dæmis ekki hægt að halda því fram að þetta fólk verði einhver baggi á heilbrigðiskerfinu hér.“

Íbuar á Íslandi með erlent ríkisfang voru um sjö prósent af mannfjölda um síðustu áramót og yfir átta prósent af fólki á vinnuamarkaði.

Lárus bendir á að sumir atvinnuvegir séu orðnir háðir erlendum starfsmönnum, svo sem sjá megi af háu hlutfalli erlendra starfsmanna í ýmsum greinum. „Til dæmis í fiskvinnslunni er verkþekking og reynsla útlend-

ALDUR ERLENDS VERKAFÓLKS

Af erlendu verkafólki að störfum hér á landi eru karlar sex af hverjum tíu. Það er yfirleitt ungt fólk sem hingað kemur til starfa.

20-34 ára	50%
35-49 ára	35%
50 ára og eldri	12%

inga orðinn mikilvægur þáttur.“ Erlendir karlar starfi flestir í iðnaði en erlendar konur við þjónustu.

Lárus segir að bæði Bretar og Írar séu almennt ánægðir með aðflutt vinnuafli. Hann hafi komið efnahagi landanna til góða, aukið þjódarframleiðslu og hagvöxt. Þá hafi dregið úr launakostnaði fyrirtækja, alþjóðleg samkeppnishæfni þeirra hafi aukist. Reynslan hér á landi sé líka almennt jákvæð.

Áramótablað MARKAÐARINS

kemur út fimmtudaginn
27. desember 2007.

Í blaðinu sem kemur út fimmtudaginn 27. desember

- verður **Viðskiptamaður ársins** valinn (af fólki í viðskiptalífni)
- **Verstu viðskipti** ársins kynnt
- **Bestu viðskipti** ársins kynnt
- **Innlundur/erlendir** fréttáannáll
- Hvað bar **hæst** í lífi helstu forystumanna viðskiptalífins? (stuttir pistlar)
- **Stærstu** atburðir ársins í hnotskurn
- Hverjir **græddu**/hverjir **töpuðu** á árinu
- annálar auk aðsendra greina forstjóra fyrirtækja.

auglýsingasími:

512 5448



FLESTIR FRÁ PÓLLANDI

Heildarfjöldi	9.010
Pólland	1.970
Danmörk	560
Filippseyjar	510
Portúgal	510
Þýskaland	500
Kína	470
Litháen	360
Tailand	350

SKIPTING EFTIR SVÆÐUM

Norðurlönd	13%
Gamla ESB	20%
Nýja ESB	33%
Önnur lönd	34%

Tölur frá 2005

Skjalabýðendur störfum hlaðnir

„Menn hafa líklega ekki talið að þetta skipti máli. Það er meira en nóg að gera,“ segir Vilhelm Steinsen, formaður Félags löggiltra dómtúlka og skjalabýðenda. Enginn félagsmaður tók í eigin nafni þátt í útboði á þýðingum fyrir ríkið og enginn bauð í þjónustu dómtúlka.

Ríkiskaup gerðu á dögnum rammisamning til tveggja ára við fjögur fyrirtæki. Alþjóðahúsið sér um almennar þýðingar og túlkun. Einnig var samið við fyrirtækið Intercultural Ísland ehf. um sömu þjónustu.

Þá var samið við fyrirtækin Markmál og Skjal um almennar þýðingar og löggiltar skjalabýðingar.

Þýðingar og túlkun fyrir ríkið voru boðin út í haust og er þetta í fyrsta sinn sem rammisamningar eru gerðir um þetta.

Samkeppniseftirlitið hefur útboðið til athugunar. Skjal kærði Alþjóðahúsið til eftirlitsins í haust á þeim grundvelli að Alþjóðahúsið nyti opinberra styrkja, sem raskaði samkeppnistöðu annarra þátttakenda í útboðinu.

- ikh

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

human touch™
massage chairs

Nuddstólar

- Vinna frá hálsi, niður í kálfa og iljar
- 3 fyrirfram uppsettar nuddmeðferðir
- 3 stillingar baknudds (efra bak, neðra bak og allt bakið)
- 3 hæðarstillingar fyrir axlir
- 3 breiddarstillingar yfir bakið
- Mjúkt svæði fyrir áhrifameira hálsnudd undir höfuðpúða.
- Áhrifaríkt kálfa- og fótanudd
- Rafdrifid stólbak og fótaskemill
- 170° halli á baki
- Sjálfvirk upphafsstaða (sætisbak upp - fótaskemill niður)
- Tímastillir
- Samanbrotinn tveggja laga höfuðpúði
- Fjarstýring fyrir nudd, stólbak og fótaskemill
- Einföld, auðskilin fjarstýring
- Verð frá 205 - 240 þús.



JÓN BERGSSON EHF.

Kletthálsi 15, 110 Reykjavík, S: 588 8886

vísir.is

www.JonBergsson.is

DAÐUR Í LÍFI

Livar Bergþórsdóttir, forstjóra Nova

Nova ehf. er nýtt íslenskt samskiptafyrirtæki sem meðal annars er sérhæft í fjárfestingum á sviði fjarskipta, uppbyggingu farsímaþjónustu og rekstri 3G-farsímaferfa. Nova er í eigu Novators, fjárfestingarfélags Björgólfs Thors Björgólfssonar.

6.30 Byrjaði daginn á að græða klukkutíma því ég vakna sjaldan fyrr en um hálf átta. Ég var hins vegar vel úthvöld eftir helgina svo ég fór snemma á fætur, fékk mér kaffi og settist við tölvuna.

7.30 Hinir í fjölskyldunni vakna og allt fer á fullt. Ég og maðurinn minn skiptum með okkur verkum við leigubílaakstur dagsins. Hann fer í Hofstaðaskóla, Flataskóla og Garðaskóla með elstu krakkana þrjá. Ég fer með þann yngsta í leikskólann.

9.00 - 10.30 Byrja daginn á að spjalla við vinnufélagana eftir helgina og sest við tölvuna.

10.30 - 11.30 Fundur þar sem farið var yfir sölu- og markaðsmál. Við vorum að skoða stöðuna eftir fyrstu vikuna í lífi Nova, hvað gekk vel, hvað þarf að bæta og þar fram eftir götunum.

12.30 - 14.00 Heimsótti verslun okkar í Smáralind. Talaði við starfsfólkið um hvernig hefði gengið um helgina.

14.30 Komin aftur niður í Lág múla þar sem þjónustuver, verslun og skrifstofur Nova eru. Ég var búin að missa af hádegismatnum í mótuneytinu hjá okkur. Það var því hentugt að kíkja yfir á nýtt kaffihús Kaffitárs í Lág múlanum. Fékk mér samloku og kaffibolla þar.

15.00 Í dag var verið að opna Stólinn – þjónustusvæði viðskiptavina Nova á netinu. Við tókum meðal annars lokayfirferðina á því í fundahrinu dagsins.

16.00 Hugmyndasmiðir auglýsingaherferðar Nova, þeir Þorsteinn Guðmundsson, Dj Nova og Dagur Hilmarsson, mættu á svæðið til að heyra hvernig gengi.

17.00 Við tók kynning frá Nordic E-Marketing. Af og til átti ég svo í samtölum við Jóakim Reynisson, framkvæmdastjóra tæknisviðs Nova. Við töluðum saman um það bil tuttugu sinnum – þennan dag eins og aðra – síðustu mánuðina.

17.30 Símtal að heiman og sá yngsti orðinn veikur, kominn með kvefpestina sem er að ganga. Dríf mig af stað og er kominn heim um sex.

19.30 Nings kemur með kvöldmatinn. Börnin eru sem betur fer ekki komin með leiða á skyndibitaæði. Undanfarið hef ég ekki fengið spurninguna „hvað er í matinn?“ heldur frekar „hvert eigum við að hringja?“.

20.00–24.00 Hafði hugsað mér að fara í Smáralind að kaupa jóla-fötin á börnin. Læt það bíða betri tíma enda veðrið ömurlegt og ég kem mér ekki út. Lýk í staðinn deginum fyrir framan tölvuna.



Á SPJALLI í hádeginu á mánudaginn kíkti Liv Bergþórsdóttir, forstjóra Nova, upp í Smáralind og spjallaði við starfsfólkið þar.

MARKAÐURINN/ANTON

Manngerðin endurspeglast í skónum

Snjáðir og illa hirtir skór þykja ekki vera til þess að efla traust á eigandanum í viðskiptalífinu. Konur búa við „endalaus fjölbreytni“ en karlar sitja fremur að þægindunum.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Einhvers staðar stendur að fötin skapi manninn og hluti af þeirri heildarmynd er skótauið. Í heimi fjármála og viðskipta virðast karlar oft sem steypir í sama mót, jakkaföt, bindi og fínir leðurskór. Væntanlega kemur þetta til af því að hvað eina sem óvenjulegt getur talist í klæðaburði kann að vera til þess fallið að vekja spurningar og manneskjan er líklegri til að treysta einhverjum sem hún líkist. Konur njóta meira frelsis í þessum efnum. Þar er skótauið engin undantekning.

Hákon Gunnarsson, partner hjá Capacent, segist ávallt hafa lagt mikið upp úr því að vera vel skóaaður, allt frá því hann lék fótbolta á árum áður. „Ég hef ekki verið þjattaður fyrir tískumerkjum en vil vera vel skóaaður. Í seinni tíð hef ég yfirfært þetta á skóna í vinnunni. Núna er ég í Lloyds-skóm, en hef líka keypt skó frá Boss,“ segir hann, en Lloyds-skór eru gjarnan nefndir sem dæmigerðir karlmannsskór viðskiptalífsins. Hákon neitar því ekki að skórnir verði að líta vel út. „En fyrst og fremst snýst þetta um þægilegheitin.“

Til marks um áherslu Hákonar á þægindin er upphaldsskófatnaður hans inniskór sem hann fékk í Suður-Afríku árið 1998 og notar enn. „Sandalana nota ég bæði þegar ég fer út á land í vinnu og heima hjá mér. Þetta eru endingarbestu skór sem ég hef átt, en þá fékk ég hjá innfæddum kunningja. Þeir eru hins vegar dálítið langt frá Lloyds-skónum í verði, þannig að verð og notagildi fara ekki alltaf saman.“ Hákon segist samt tæpast geta skotið á hve miklu hann eyði í skó á ári. „Sennilega allt of miklu, en öðru eins eyðir maður í vitleysu.“

Ljóst má hins vegar vera að útgjöld í skófatnað geta orðið nokkur hjá þeim sem mikið leggja upp úr slíku. Þannig getur verð á finni merkjaskjóm karla hlaupið á bilinu 24 til 37 þúsund krónur fyrir parið og algengt verð á kvenmannsstígvélum er í kringum 30 þúsund krónur.

Helga Hlín Hákonardóttir, framkvæmdastjóri á lögfræðisviði Saga Capital á Akureyri, segist að sama skapi leggja mikið upp úr því að vera vel búin til fótanna, þótt tilefnið ráði miklu um hvaða skótau verði fyrir valinu. Þannig skartar hún stundum mótorkross-vélahjólástígvélum sem lítt henta í viðskiptalífinu. „En almennt skipti ég á milli þess að vera á háhælaskóm og svo MBT-skóm, sem eru hálfgerð-



HÁKON GUNNARSSON HJÁ CAPACENT Hákon skartar hér forlata inniskóm sem hann fékk í S-Afríku fyrir níu árum. Skórnir eru með xhosa-mynstri og fengust í Höfðaborgarhéraði. MARKAÐURINN/GVA

ir sjúkraskór, gerðir til að styrkja stoðkerfið og fara vel með líkamann. Þeir eru hins vegar ekki mjög töff,“ segir hún og hlær, um leið og hún kveðst reyna að vera sómasamlega til fótanna þegar hún fer „út á meðal fólks“. Þannig hafa háhæluðu skórnir oftar vinninginn. „Það gerist hins vegar ekki að ég noti óþægilega skó,“ segir Helga og kveðst hugsa vel um eigin fætur.

Helga Hlín segir hins vegar ljóst að munur sé á aðstöðu kynjanna í viðskiptalífinu hvað skóna varðar. „Karlarnir hafa það tvímælalaust betra upp á það að gera að skótískan er bæði einfaldari og heilsusamlegri en skótíska okkar kvennanna. En við höfum auðvitað valið sjálfar. Svo er fjölbreytnin náttúrulega gríðarleg og áreitið mikið með öllum þessu skóverslunum og auglýsingum. Það er hins vegar ekki mikið skóáreiti á karla. Menn eru bara í sínum venjulegu svörtu Lloyds-skóm, þótt vitanlega finnist stöku tískaúhugamenn,“ segir hún, en bætir um leið við að skórnir séu nokkuð sem lesa meg mikið úr um þann sem í þeim gengur. „Ef fólk er í gömlum og snjáðum skóm í þessum bransa tekur maður því frekar með smáfyrirvara. En ef fólk er í vel snyrtum skóm og vel til haft til fótanna er maður afslappaðri og opnari.“

- óká



FRÍSTUNDIN

Úr karate í kappakstur

„Eftir að ég hætti keppni í bardagaíþróttum hef ég aðallega verið að sinna áhuga mínum á akstursíþróttum,“ segir Jón Ingi Þorvaldsson hjá Glitni. Hann hefur undanfarin ár keppt í körtukappakstri hér heima og í útlöndum. „Í haust ákvað ég að taka kappakstursdelluna skrefinu lengra og tók þátt í mótarið í Bretlandi.“

Jón Ingi segir áhugamálið mjög kostnaðarsamt. „Ég hef líklega fjárfest meira í þessu en í MBA-náminu sem ég var að ljúka,“ segir hann brosandí. „En þetta er ómetanleg lífsreynsla og því hveggjarn krónu virði.“

Jón Ingi fylgdist með því sem

gerist í bransanum og horfir stundum á formúluna. „En það er með akstursíþróttir eins og svo margt annað, að það er skemmtilegra að stunda það sjálfur en að fylgjast með öðrum.“

Áhugamálið er tímafrekt en undanfarið hefur hann getað sinnt því á ferðalögum. „Þetta fer ágætlega saman.“

Jón Ingi segir að veðrið skipti miklu máli í kappakstri. Aðstæður geti tekið snöggum breytingum. „Yfirleitt verður kappakstur reyndar þeim mun skemmtilegri eftir því sem aðstæður verða erfiðari, svona upp að vissu marki,“ segir Jón Ingi og kímur við. Nú í haust var hann við æfing-

ar ásamt leiðbeinanda sem hafði orðið Evrópumeistari í sama flokki fyrir nokkrum árum. „Ég náði strax mjög góðum tíma og hann hrósaði mér í hástert fyrir góðan akstur.“ Klukkustundu síðar var Jón Ingi kominn „óþægilega“ nálægt besta tíma leiðbeinandans og andrúmsloftið breyttist.

„Hálftíma síðar var ég kominn með hálfri sekúndu betri tíma en hann hafði náð og á tímabili áttáði ég mig ekki alveg á því hvort hann væri hreinlega móðgaður og ég vissi eiginlega ekki alveg hvernig ég átti að hegða mér. Strax að æfingunni lokinni stökk hann beint upp í bilinn og



JÓN INGI ÞORVALDSSON

tók nokkra hringi og í ljós kom að um nýjan bíl var að ræða sem var aðeins hraðskreidari en hinir bílarnir í bílaflofanum á

staðnum. Hann náði því fljótt aðeins betri tíma en ég og allir gátu andað léttar,“ segir Jón Ingi brosandí.

- ikh

Áberandi glæsilegur

7 manna sportjeppi sem tekið er eftir...



Chevrolet Captiva
Frá GM - Stærsta bílaframleiðanda í heimi.

✓ MEIRA RÝMI

- ✓ Tölvustýrð miðstöð og loftkæling
- ✓ ESP - Stöðugleikastýring (aftenganleg)
- ✓ Hraðastillir (Cruise control) Stjórnað í stýri
- ✓ Bakkskynjari
- ✓ 18" Álfelgur
- ✓ Aksturtölva

✓ MEIRI KRAFTUR

- ✓ ARP - Veltivörn
- ✓ TOD - Sjálfvirk drifstýring
- ✓ DCS - Eykur öryggi niður brekkur
- ✓ Tölvustýrð spólvörn
- ✓ LRS - Heldur hæð við hleðslu
- ✓ Og margt fleira....

✓ MEIRI BÚNAÐUR

**Bílaþjón
Benni**

Tangarhöfða 8-12 - 110 Reykjavík
sími 590 2000 - www.benni.is

Áberandi glæsilegur

Chevrolet Captiva er sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra ökumanna og útkoman er áberandi glæsilegur bíll. Kraftmikil túrbó dísilvél með 5 þrepa sjálfskiptingu. Þú getur valið um 5 eða 7 manna bíl og því fer vel um alla fjölskylduna. Chevrolet er á Tangarhöfðanum og við tökum vel á móti þér.

Egilsstaðir - Bílasala Austurlands
Fagradsbraut 21, sími 471 3005

Akureyri - Bílasalan Ós
Njarðarnesi 1, sími 462 1430

Borgarnes - Bílasala Vesturlands
Sólbakka 2, sími 437 2100

Reykjanesbær - Bílahornið hjá Sissa
Brekkestíg 38, sími 420 3300



CHEVROLET
STERKUR FRÁ GRUNNI

BANKHÓLFID

Misjafnt gengi, líka í fréttum

Nokkur fljót-færnisbragur þykir á forsiðu-frétt 24 stunda í gær þar sem slegið er upp sem mikilli nýbreytni væntanlegum íbúðalánum Sparnaðar ehf. í evrum. Tilfellið er nefnilega að hér hefur fólk átt þess kost um árabíl að taka lán í evrum, hver í sínum viðskipta-banka, og þá á vaxtakjörum sem um þá mynt gilda hverju sinni. Meiri afglöp eru hins vegar að hvergi kemur fram í fréttinni að lántöku í annarri mynt en krónum fylgir gengisáhætta. Ef slík lán eru tekin þegar krónan er sterk hækkar jú höfuðstóllinn (í krónum talið) þegar hún veikist. Væntanlega hafa menn nú samt orð á þessari áhættu hjá Sparnaði þegar fólk tekur að leita upplýsinga þar um vænleika þess að taka slík lán.

Kveður við nýjan tón

Í þeim forsmekk að fjármála-óróleika sem íslensku bankarnir fengust við í fyrra var alvanalegt í úttekjum og greiningum erlendis að Glitnir var talinn vænsti kosturinn af þeim þremur. Var það gjarnan rakið til þess að viðskiptamódel bankans væri nær þeim evrópsku, meðan Kaupþing, sem gjarnan var talinn áhættusæknari og frekar að amerískri fyrirmynd í vaxtarstefnu, var óvinsælastur. Núna kveður heldur við annan tón í nýrri greiningu svissneska alþjóðabankans UBS. Þar segist UBS fremur mæla með bréfum Kaupþings en Glitnis, þar sem sá síðarnefndi reiði sig í meiri mæli á heimamarkað á Íslandi og svo í Noregi þar sem hægi á, auk þess sem Glitnir sé líklegri til að ráðast í fyrirtækjakaup.

SMS-afmæli

Það eru fleiri en Jesús sem fagna tímamótum um þetta leytið en SMS-ið er komið á unglingsár, fagnar fimmtán ára afmæli um þessar mundir. Fyrsta SMS-ið mun hafa verið sent á milli verkfræðinga sem störfuðu hjá breska farsímaris- anum Vodafone og innihélt jóla- kveðju. Þetta þótti ágætur sam- skiptamáti fyrir vinnufélaga til að hafa samband sín á milli. Tæknin taldist þó ekki merkileg í fyrstu innan veggja farsíma- risans. Það mun því hafa komið á óvart þegar hróðurinn barst út fyrir dyrnar. Nú er svo komið að milljónir þumla víða um heim leika um lyklorð farsíma í dag. Þetta myndi nú kallast að láta koma sér þægilega á óvart.

6,9%

hlutur Pálma Haraldssonar í FL Group sem keyptur var fyrir rúma tíu milljarða króna.

3/4

hlutar þeirrar erlendu fjárfestingar sem skráð er á Íslandi má ætla að sé í eignum íslenskra félaga sem skráð eru erlendis.

15%

skráðra félaga á Aðallista Kauphallar Íslands eru færeysk.

JÓLATILBOÐ

Falleg borðstofuhúsgögn á frábæru verði!



Tilboð 1, eik, hlynur, (kirsuber)
Borð og 6 stólar 89.900
Skenkur (keyptur með setti) 26.900
Samtals 116.800
Verð áður 137.200



Sjónvarpsskápur
17.600



Tilboð 2, kirsuber
Borð og 6 stólar 79.900
Skenkur (keyptur með setti) 18.600
Samtals 98.500
Verð áður 130.000



Viiwa í hlyn 40.400



Viiwa í hvítu 23.400



Buffer í eik
Sjónvarpssk.
m/læsanlegum
glerhurðum
9.900
Verð áður 19.700



Viiwa í eik **82.300** fæst einnig í hvítu og hlyn



Omega kirsuber, hlynur, svarbrúnt
48.700

Hirzlan

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

www.hirzlan.is



Valsað ál

fyrir þök og veggi

Fegurð, mýkt, ending
Fæst í 12 litum



Ál er okkar mál



Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is